



CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

2. tbl. 50. árgangur júlí 2018



Fyrsta íslenska loftskýtastöðin, TFA, varð 100 ára 17. júní 2018.

Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Pétur Thomsen, TF3PT.

MEÐAL EFNIS:

- *Loftskýtastöðin á Melunum*
- *TF1VHF QRV á 50 og 70 MHz*
- *Vinsældir FT8 ná nýjum hæðum*
- *Varasamir yfirspennupúlsar*
- *CQ World Wide í 70 ár*
- *Starfsáætlun 2018/19*

Á DÖFINNI:

- *TF útileikarnir 2018*
- *Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2018*
- *Nýtt kynningarefni ÍRA*
- *Vetrardagskrá 2018/19*
- *Tíðnimál, 4 metrar og 6 metrar*
- *Næsti skilafrestur efnis í CQ TF er 22. september*

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Póst og fjarskiptastofnun um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

Félagið er með opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"W. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2018-2019 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Óskar Sverrisson	TF3DC
Ritari:	Georg Magnússon	TF2LL
Gjaldkeri:	Einar Kjartansson	TF3EK
Meðstjórnandi:	Jóhannes Hermannsson	TF3NE
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ

Öll bréf til Í.R.A. og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar

Pósthólf 1058

121 Reykjavík

ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2018–2019 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí og október 2018 og janúar 2019.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · ·	3
Frá formanni... · · · · ·	4
Félagsstarfið · · · · ·	6
Loftskeytastöðin á Melunum · · · · ·	16
TF1VHF QRV á 50 og 70 MHz · · · · ·	19
Vinsældir FT8 ná nýjum hæðum · · · · ·	22
Varasamir yfirspennupúlsar frá aflagjafa · · · · ·	24
CQ WW í 70 ár · · · · ·	26
Delta lykkan virkar · · · · ·	34
Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2018/19 · · · · ·	38
Fræðsluhorn ÍRA: „QSL kort“ · · · · ·	39
Fræðsluhorn ÍRA: „QSL Bureau“ · · · · ·	42
TF útileikar, 2018 · · · · ·	44
Vita- og vitaskipahelgin 2018 · · · · ·	45
ÍRA; starfstímabilið 2018/19 · · · · ·	46
Helstu DX keppnir í ág.– okt. 2018 · · · · ·	49
DXCC staða TF stöðva 7. júlí 2018 · · · · ·	50

Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til magra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.


Radióamatörar hafa hannað og smíðað geivhnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Þann 17. júní s.l., voru eitt hundrað ár frá því að Loftskýtastöðin á Melunum var tekin formlega í notkun. Á þessum tíma var Ísland ekki með eigin kallmerki, svo fyrst í stað var notað danskt kallmerki, OXR. Árið 1919 fékk stöðin síðan kallmerkið TFA en sennilega þekkja flestir stöðina sem Reykjavík Radió.




Skjaldarmerki smáns tjónir yfir aðalinnangangi loftskýtastöðvarinnar, heilur fékk á bláum grunni. Yfir er kóróna kóngans sem fólendingar deildu með Dönum, Grænlendingum og Færeyingum.

Skjaldarmerki Landsímans undir kórónu Danakonungs prýðir stöðvarhúsið enn í dag.

Einhverjir bættu þó við frá eigin brjósti, eins og eftirfarandi klausa úr blaðinu “Fréttir – Dagblað” sýnir, en ritstjóri blaðsins var Guðmundur Guðmundsson skólaskáld.

„Á stöðinni sjálfri er umgengnin hin prýðilegasta, allt fagað og fagurt á að sjá, herbergi vönduð og vistleg í hvívetna. Mikill er þar galdur véla og hávaði sem í brimi og fuglabjargi, er allar vélar eru í gangi.



Friðbjörn Aðalsteinsson loftskýtastöðvarstjóri situr við tækin.

Nokkru fyrir formlega opnun, var blaðamönnum bæjarins boðið að skoða stöðina, en á þessum árum voru töluvert fleiri blöð gefin út í Reykjavík en nú er. Birtu flestöll blöðin ítarlegar greinar um loftskýtastöðina, en uppistaðan hjá flestum var tæknileg lýsing á stöðinni og loftnetum sem Landsíminn hafði látið blaðamenn fá.

Leiftra þar glampar og gneistar, og ber undur að augum og eyrum.“

Fyrstu þráðlausu tilraunasendingarnar á Íslandi höfðu þó hafist árið 1913 og þar voru að verki tveir ungir símritarar á Seyðisfirði. Í bókinni “Loftskýtamenn og fjarskiptin” segir svo um þá félaga á bls. 385.

„Fyrstu íslensku radióamatörarnir eru óumdeilanlega tveir ungir símritarar austur á Seyðisfirði. Fyrstu þráðlausu sendingarnar á Íslandi voru framkvæmdar af þeim haustið 1913. Það voru Þorsteinn Gíslason (seinna TF6GI), síðar umdæmisstjóri á Seyðisfirði og Friðbjörn Aðalsteinsson síðar loftskýtastöðvarstjóri í Reykjavík, sem riðu á vaðið með þessar fyrstu tilraunir.“



Friðbjörn Aðalsteinsson.



Þorsteinn Gíslason.

Við, íslenskir radióamatörar, megum aldrei gleyma þessum fyrstu radióamatörum og þeirra brautryðjandastarfi. Þó hugtakið, radió amatör, hafi verið svo gott sem óþekkt hér á landi á þessum tíma, og þó Friðbjörn hafi ekki orðið sér úti um amtatöraleysi eins og Þorsteinn, þá voru þeir báðir sannir radióamatörar eins og þeir gerast bestir.

73 TF3SB



Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

„Félagið gengur vel“ sagði félagsmaður við undirritaðan um daginn – og hann bætti við: „og þið eruð að gera góða hluti“. Ég verð að viðurkenna að mér þótti vænt um þessi orð vegna þess að ég vissi að þau voru sögð af heilindum. Tilfinning mín var jafnframt að við ættum ummæli af þessu tagi skilið því ný stjórn hefur vissulega lagt sig fram um að vinna vel á þeim stutta tíma sem liðinn er frá aðalfundi. En daginn sem þetta blað kemur út eru liðnir 4 mánuðir frá aðalfundi þann 15. mars 2018.

Kjarninn í stefnu nýrrar stjórnar er, og hefur verið frá fyrsta degi, að byggja brú á milli félags og félagsmanna. Við eyðum ekki orku í að deila á fyrri stjórn(ir) heldur lítum björtum augum til framtíðar – með það í fyrirrúmi að félagsmennirnir eru dýrmætasta „eign“ félagsins. Gott dæmi um þessa stefnu er ein af fyrstu samþykktum stjórnar sem var að endurreisa félagsblaðið CQ TF – eftir að það hafði ekki komið út í fimm ár. Það hefur *margfalt* sýnt sig frá því blaðið kom út á ný þann 29. apríl að þetta var hárrétt ákvörðun.

Inni í blaðinu er birt starfsáætlun okkar fyrir 2018/19 og eru félagar hvattir til að kynna sér hana. Áætlunin var samþykkt á fundi í stjórn þann 2. maí s.l. Hún skiptist í eftirfarandi þætti: (1) Rekstur; (2) samskipti; (3) félagsaðstöðu (4) félagsstöðina TF3IRA; (5) vetrardagskrá 2018/19; (6) miðla; (7) námskeið; (8) endurvarpa, stafvarpa og radíóvita og (9) tíðnimál og önnur réttindi radíóamatöra. Þrátt fyrir ákvæði í lögum félagsins um gerð starfsáætlana hafa einhverra hluta vegna liðið *fimm* ár frá því stafsáætlun var síðast samin og samþykkt í stjórn félagsins.


Annað sem er nýtt og mikilvægt, er að fundargerðir stjórnar eru nú gerðar opinberar strax og þær hljóta samþykki. Vinnureglan er eftirfarandi: (1) Fundargerð er hengd upp á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi TF3IRA; (2) fundargerð er birt í næsta hefti CQ TF; og (3) fundargerð er birt á heimasíðu félagsins á netinu, ira.is. Þrátt fyrir skýr ákvæði í lögum félagsins um birtingu fundargerða stjórnar hefur *verulegur* misbrestur verið á því undanfarin ár að þetta ákvæði hafi verið virt.

Ég vek athygli á þessum atriðum hér að ofan vegna þess hve mikilvæg þau eru í rekstri hvers félags. Stjórn er ekki óskeikul og því nauðsynlegt að félag-

arnir séu stöðugt upplýstir um þau mál sem eru á döfinni til að geta gert athugasemdir – ef einhverjar eru. Þótt félagar hafi ekki beinlínis athugasemdir, hvet ég menn til að hafa samband með ábendingar. Ný stjórn hefur í sjálfu sér ekkert yfir því að kvarta, en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Það sem hér gildir er að ábendingar frá félagsmönnum og skoðanir þeirra eru með því verðmætasta sem hver stjórn getur óskað sér.

Loks langar mig að víkja að nýmælum sem tekin voru upp þann 15. maí s.l. Þegar birtar voru upplýsingar um nýja félagsmenn og um ný og breytt kallmerki. Upplýsingar voru fyrir tímabilið 15. mars til 15. maí. Aftur var birtur listi fyrir tímabilið 16. maí til 11. júní. Og í þessu blaði má sjá heildarlista (sjá Félagsstarfið) þar sem þessum upplýsingum er slegið saman ásamt þeim sem eru fyrir nýjasta tímabilið, 12. júní til 10. júlí. Mikil ánægja hefur verið með þessa nýjung, en upplýsingar eru hvorutveggja birtar á heimasíðu á netinu og á Facebook síðunum tveimur. Stefnan er, að upplýsingar af þessu tagi verði birtar einu sinni í mánuði á þessum miðlum. Sá sem þetta ritar hefur reyndar lengi verið þeirrar skoðunar að á heimasíðu félagsins eigi að bjóða upp á „glugga“ þar sem slá megi inn tilteknu TF kallmerki og fá upplýsingar um leyfishafa – burtséð frá því hvort hann er félagsmaður í ÍRA eða ekki.

Á þeim tíma sem liðinn er frá útkomu CQ TF, hefur húsnæðið í Skeljanesi verið þrifið í hólf og gólf og húsgögnum enduruppræð. Ennfremur hefur ljósmyndum sem sýna þætti úr sögu félagsins verið komið fyrir á ný á veggjum fundarsalarins á neðri hæð. Nánar er greint frá þeirri vinnu sem unnin var í þessum efnum í greininni „Félagsstarfið“ sem birt er annars staðar í blaðinu. Markmiðið er, að leitast við að gera það húsnæði sem við höfum til afnota í Skeljanesi eins snyrtilegt og frekast er kostur. Þegar þetta er skrifað (í byrjun júlí) er vinna hafin við að endurinnrétta fjarskiptaherbergi TF3IRA og herbergið sem hýsir QSL Bureau félagsins og vísi að smíða-aðstöðu. Hugmyndin er, að gera húsnæði félagsins allt eins frambærilegt og frekast er unnt, án mikils tilkostnaðar.



Úr sögu ÍRA. TF3YL, TF3SB, TF5KD í loftinu frá TF7V og Ingibjörg Kjartansdóttir. Myndirnar eru í sal félagsins í Skeljanesi.

Nú stendur yfir sá tími árs þegar félagsgjöld eru til innheimtu. Samkvæmt félagslögum geta félagsmenn skipst á sex mismunandi gjaldflokka. Þeir eru:

1. Félagar, yngri en 67 ára (sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar), greiða fullt gjald, kr. 6.500.
2. Félagar, 67 ára og eldri – greiða hálf gjald, kr. 3.750.
3. Félagar, sem eru makar félaga greiða hálf gjald, kr. 3.750.
4. Heiðursfélagar eru undanþegnir greiðslu félagsgjalds.
5. Námsmenn, yngri en 24 ára, eru undanþegnir greiðslu félagsgjalds.
6. Félagar, sem búa við erfiðar fjárhagslegar aðstæður geta sótt um afslátt frá gjaldi.

Spurning er hvort eitthvað megi einfalda gjaldskrá félagsins (eða breyta). Aldrei hefur til dæmis verið sótt um afslátt frá félagsgjaldi vegna erfiðra fjárhagsaðstæðna. Í annan stað er spurning hvort aldursmarkið 24 ár ætti ekki frekar að vera miðað við 18 ár. Í þriðja lagi hefur verið bent á, að makar félagsmanna sem eru orðnir 67 ára (og makarnir sömuleiðis) greiða ekki hálf gjald eða kr. 1.875 (samkvæmt lögum) heldur sama gjald og makinn eða 3.750. Samkvæmt þessu er „makaafsláttur“ fyrir bí við 67 ára aldur makans. Málið er sett fram til umhugsunar og bent á að breyta má félagslögum á aðalfundi.

Nokkur atriði standa óneitanlega upp úr í félagsstarfinu frá útkomu CQ TF í lok apríl s.l. fram á daginn í dag, 10. júlí. Mig langar sérstaklega til að nefna tvö þeirra. Annars vegar uppsetningu TF1VHF radióvitanna í 50 og 70 MHz tíðnisviðunum sem fóru í loftið þann 12. maí s.l. og hins vegar próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatørprófs sem haldið var í

Háskólanum í Reykjavík þann 26. maí s.l. Frá báðum þessum viðburðum er skýrt annars staðar í blaðinu, en annars vegar er um að ræða stórvirki TF3ML og hins vegar níu einstaklinga sem stóðust próf til amatørleyfis. Nauðsynlegt er að nefna þetta hér til að færa þessum aðilum kveðjur og þakkir stjórnar ÍRA ásamt því að bjóða nýja leyfishafa velkomna í loftið. Ennfremur eru þeim aðilum færðar þakkir sem gerðu það mögulegt að koma upp radióvitunum svo og þeim aðilum sem komu að námskeiði félagsins til amatørprófs, m.a. með kennslu og annarri vinnu.

Mig langar í lokin að minnast stuttlega á vel heppnaða VHF/UHF leika 2018 sem fram fóru 7.-8. júlí. Tæplega tveir tugir kallmerkja fóru í loftið sem er mesti fjöldi frá upphafi leikanna, sem fyrst voru haldnir árið 2012. Verkefnið var í öruggum höndum TF8KY með aðkomu þeirra TF2MSN og TF3ML. Stjórn félagsins þakkar þeim félögum framtakið og TF3ML, fyrir að gefa verðlaun.

Ítarlega verður skýrt frá leikunum í næsta tölublaði CQ TF, en helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- 19 virkar stöðvar með stig (17 virkar stöðvar 2017).
- 772 færslur í gagnagrunni => 386 QSO í heildina.
- Heildar vegalengd alls 21.098 km (13.379 km 2017).

1. sæti: Ólafur TF3ML;
2. sæti: Jón Ingvar, TF1JI;
- 3 sæti: Georg TF3GZ;
4. sæti: Keli TFKY.

Sumarkveðjur til félagsmanna og fjölskyldna þeirra.

73, Jónas Bjarnason, TF3JB



Félagsstarfið

Jónas Bjarnason, TF3JB

Þegar þessar línur eru ritaðar, eru tveir og hálfur mánuðir frá síðustu skrifum á þessum vettvangi. Samantektin tekur til tímabilsins frá 29. apríl til 16. júlí. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma og mun ég leitast við að gera grein fyrir því helsta hér á eftir, að mestu í tímaröð.

29. apríl – 1. tbl. CQ TF 2018.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri kynnti útkomu blaðsins á heimasíðu ÍRA þann 29. apríl með þessum orðum: „Mér veitist sú ánægja að tilkynna ykkur um útkomu 1. tölublaðs CQ TF 2018. Það kemur út á stafrænu formi hér á heimasíðunni. Blaðið kemur nú út á ný eftir 5 ára hlé. Mestan heiður af blaðinu eiga þeir Jónas formaður og Vilhjálmur uppsetningarmaður, TF3JB og TF3VS. Þeim vil ég þakka sérstaklega mikla vinnu við blaðið. Einnig þakka ég öllum höfundum efnis. CQ TF er að þessu sinni 42 blaðsíður að stærð.

Meðal efnis var frásögn frá Páskaleikunum 2018; árlegu móti norskra radióamatöra 2018; frásögn TF3VB, TF2EQ og TF3VD frá ráðstefnu SYLRA 2017; grein um Logbook of the World 15 ára; grein um kaup á nýrri amatörstöð vorið 2018; grein um einfalt loftnet á 160 metrum, upplýsingar frá aðalfundi ÍRA 2018; grein um rafmagnstruflanir – reynslusaga; kynning á embættismönnum ÍRA og upplýsingar um DXCC heildarstöðu TF stöðva 18. apríl 2018.

Móttökur hafa í einu orði sagt verið *frábærar* og ljóst að mikil þörf var á útgáfunni. Til athugunar er, að prenta takmarkað magn blaðsins, t.d. 10 eintök sem gætu legið frammi í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Fjögur tölublöð munu koma út á starfsárinu. Auk þessa

blaðs (sem kom út 29. júlí), kemur næsta tölublað CQ TF (3. tbl.) út þann 7. október.

2. maí – OH2LAK í Skeljanesi.

Erik Finskas, OH2LAK, kom í heimsókn í félagsaðstöðuna í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 4. maí. Erik er búsettur í Espoo í Finnlandi sem er eitt af nágrannasveitarfélögum Helsinki. Hann er mjög áhugasamur um VHF tíðnisviðið og tíðnisviðin ofar, þ.m.t. gígariðasviðin og á m.a. fjarlægðarmet í Finnlandi á 10 GHz.




Erik Finskas, OH2LAK, í fjarskiptaherbergi TF3IRA 4. maí. Ljósmynd: TF3JB.


Erik er með webSDR viðtæki á 2 metrum og 70 sentímetrum á netinu. Slóðinn inn á móttakarann er: <http://websdr.oh2lak.net:8901/> Hann mælir með að nota bæði Java og JavaScript til þess að síðan komi eðlilega inn. Erik nefnir, að ef menn heyri ekkert sé það líklega vegna þess að Java forritið sé ekki í gangi (e. disabled) eða notuð eldri útgáfa en 1.4.2.

2. maí – Stjórn ÍRA, myndataka.

Ný stjórn félagsins var kjörin á aðalfundi þann 15. mars. Stjórnin skipti með sér verkum á fundi 20. mars og hélt sinn fyrsta fund 4. apríl. Á stjórnarfundinum 2. maí var tækifærið notað og tekin ljósmynd af hópnum. Jón Svavarsson, TF3JON, var myndasmiður og stjórnaði verkefninu af fagmennsku. Hann fékk fólk til að stíga út í svalann og var meðfylgjandi mynd tekin á flötinni fyrir utan Skeljanes. Ef grannt er skoðað má bæði sjá SteppIR BigIR stangarloftnet TF3IRA og Fritzl FB 33 Yagi loftnet félagsins í bakgrunni.



CQ TF kom út á ný eftir 5 ára hlé þann 29. apríl. Myndin er afforsíðu blaðsins.



Stjórn ÍRA starfsárið 2018/19. Frá vinstri: Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, varastjórn; Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður; Jóhannes Hermannsson, TF3NE, meðstjórnandi; Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður; Einar Kjartansson, TF3EK, gjaldkeri; Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, varastjórn og Georg Magnússon, TF2LL, ritari. Myndin var tekin fyrir utan félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3JON.

12. maí – TF1VHF radióvitarnir QRV.

TF1VHF radióvitarnir urðu QRV 12. maí. Sama kallmerkið er notað fyrir tvo vita, annars vegar á 50.457 MHz og hins vegar á 70.057 MHz. Búnaðurinn er staðsettur í húsi Neyðarlínunnar í Álftanesi á Mýrum. Vitarnir eru tengdir við sitthvorn $\frac{1}{2}$ - dípólinn í loftnetsturni þar á staðnum; 50 MHz netið er haft lárétt í 26 metra hæð og 70 MHz netið er lóðrétt í 16 metra hæð. TF3ML, TF3SUT, TF1A og TF3-Ø33 önnuðust uppsetningu búnaðar.



Radióvitarnir eru hannaðir og smíðaðir af radióamatörum í Herlev í Danmörku undir stjórn Bo, OZ2M.

Radióvitarnir eru báðir búnir 25W sendum. Tegund útgeislunar er þrískipt, þ.e. A1A, hefðbundin burðarbylgja og PI4 (Pharus-Ignis-4 digital modulation (MGM) for beacon purposes). Vitarnir eru hannaðir og smíðaðir af hópi danskra radióamatöra undir stjórn Bo Hansen, OZ2M. Radióvitarnir eru fjármagnaðir af og í eigu Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML.

Vart þarf að taka fram að hér hefur verið unnið stórvirki á vettvangi áhugamáls okkar. Sjá nánar viðtal

við Ólaf í blaðinu, en þar kemur m.a. fram að hann fyrirhugar uppsetningu þriðja vitans á 2 metra bandinu á sama stað. Stjórn félagsins sendi Ólafi hamingjuóskir og þakkir þegar vitarnir urðu QRV þann 12. maí s.l.



Vinna við uppsetningu loftneta fyrir TF1VHF. Greina má TF3SUT uppi í turninum. Ljósmynd: TF1A.

12. maí – Skeljanes, loftnetatilraunir.

Jón Björnsson, TF3PW, umsjónarmaður námskeiða ÍRA, mætti í Skeljanes ásamt nemendum sem þá sátu námskeið til amatörprófs. Verkefnið var að „skera“ loftnet og setja upp á túninu fyrir framan húsið. Og aukinheldur, helst að hafa DX-sambönd.



TF3PW segir mönnum til. TF3AWS snýr baki í myndavélina, en TF3LM er honum á hægri hönd. Ljósmynd: TF3JB.

Frekar var nú rigningarlegt snemma morguns þennan laugardag þegar mætt var á staðinn, þannig að menn byrjuðu á að fá sér kaffi og ræða málin. Sem betur fer hafði ekki gleymst að kaupa kaffibrauð,



TF3DT, TF3Y og Davíð. Yngvi stillir nýju Elecraft KX2 stöðina. Hún er 10W á 80-10 metrum; CW, SSB og stafrænum tegundum útgeislunar. Yngvi hafði strax nokkur DX sambönd á morsi. Ljósmynd: TF3AWS.



TF3LM skoðar heimatilbúið loftnetsbalun. Ljósmynd: TF3AWS.

þannig að menn gátu spjallað uns veður lagaðist og sólin lét á sér kræla þegar nær leið hádegi.

TF3PW kom með ICOM IC-7300 stöð, sem var komið fyrir í vélarrúmi bifreiðar hans til að vera sem næst rafgeymi (þar sem straumsnúra var stutt). Hann kom einnig með 7 metra háa „SOTA-Pole“ rápstöng sem m.a. var notuð til að halda uppi dípól fyrir 20



TF3DT skrifar niður kallmerki og Haukur stillir viðtækið. Ljósmynd: Arnþór Wilhelm Sigurðsson, TF8AWS.

metra bandið. Yngvi, TF3Y, kom einnig í Skeljanes með nýja ELECRAFT KX-2 QRP stöð sem var vel búin aukahlutum. Auk TF3PW og nemenda hans, mætu TF3AWS, TF3DT, TF3JB, TF3LM og TF3Y í Skeljanes.

13. maí – Salurinn tekinn í gegn.

Skúringadagur og tiltekt í Skeljanesi. Baldvin Þórarinnsson, TF3-Ø33, mætt á staðinn með tæki sín og tól og var salurinn djúpskúraður og ekki vanþörf á enda gólfdukur mjög slitinn á köflum. Sérblandaður þrifalögur var notaður og þegar yfir lauk lýsti Baldvin



Baldvin Þórarinnsson, TFG3-Ø33, hefur yfir að ráða nýjustu þrifavélum á markaðnum og viðstaddir sáu upphaflegan lit gólfduksins birtast eftir yfirferðina. Þótt græjurnar væru góðar tók þetta um 3 klst. Úrskurður Baldvins var, að það þyrfti að þrifa oftar. Ljósmynd: TF3JB.

því yfir að hann væri bara nokkuð ánægður með árangurinn. Aðrir á staðnum sem aðstoðuðu við flutning húsgagna og hjálpuðu til (aðallega þó með því að vera ekki fyrir...) voru þeir TF3DC, TF3JB og TF3MH. Stjórn félagsins þakkar Balda frábæra aðstoð.



Þegar Baldvin gerði hlé á vinnu sinni, fóru þeir Óskar, TF3DC, upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA til að hlusta eftir merkjum frá TF1VHF radióvitunum á 4 og 6 metrum, en Baldvin var einmitt í hópnum sem hafði sett upp radióvitana á Mýrunum daginn áður. Merki reyndust góð á báðum böndum. Ljósmynd: TF3JB.

14. og 21. maí – ICOM stöðvar uppfærðar.

ICOM IC-7300 og IC-7610 fjarskiptastöðvar félagsins voru fluttar úr húsi í Skeljanesi til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A, til innsetningar á 5,3 MHz tíðnisviðunum (60 metrum). Uppfærslur gengu að

óskum og kann stjórn félagsins Ara bestu þakkir fyrir góða aðstoð.

14. maí – Viðurkenningarskjöl TF3IRA.

Innrömmuð DXCC og WAS viðurkenningarskjöl TF3IRA, sem hangið hafa á vesturvegg í fjarskiptaherberginu frá árunum 2011 og 2012, hafa illa þolað sólarljósið á þeim tíma. Þau höfðu upplitast mikið og var letur að verða ólæsilegt.

Haft var samband við ARRL í byrjun maímánaðar og var ósk félagsins um endurútgáfu vel tekið og okkur boðið að fá send ný skjöl, félagssjóði að kostnaðarlausu. Þann 14. maí voru nýjar viðurkenningar síðan sóttar á pósthúsið og þann 6. júní voru þær sóttar til innrömmunaraðila félagsins.

Að þessu sinni verður þess gætt að hengja þær ekki á sama vegg í fjarskiptaherbergi TF3IRA, enda nóg veggpláss. Þess má geta, að sami félagismaður og gaf innrömmun viðurkenninganna fyrir 6 árum greiddi kostnað við endurinnrömmun þeirra. Stjórn ÍRA þakkar þetta framlag.

16. maí – Salur í Skeljanesi.

Eftir stóra skúringardaginn í sal félagsins sunnudaginn 13. maí var gerð ferð í Skeljanes þremur dögum síðar til enduruppröðunar á húsgögnum. Þegar því var lokið voru hengdar upp á ný svart/hvítar ljósmyndir úr sögu félagsins (upplímdar á hvít spjöld) sem ekki höfðu hangið uppi í nokkur ár. Þeim var komið fyrir á ný á suður- og austurveggjum í salnum. Við sama tækifæri var komið fyrir veggklukku við inngang í eldhús, sem kom í stað annarrar sem hafði verið QRT í nokkur ár. Þegar lokið verður að endurnýja rúllugardínu í glugga á austurvegg verður salurinn orðinn frambærilegur. TF3JB og TF3SB önnuðust verkefnið.



Frágangi í sal lokið. Svart/hvítu myndirnar á veggnum eru af TF5TP, TF6GI og TF3EA. Ný klukka komin á vegginn fyrir ofan dagatalið. Ljósmynd: TF3JB.

16. maí – CQ WW 2017, morshluti.



Keppnisstjórn CQ World Wide keppnanna birti uppfærðar niðurstöður í morshluta keppninnar frá árinu 2017. Reikna þurfti aftur útkomuna vegna meðferðar á tvíteknunum samböndum (e. duplicate contacts).

Keppnisgögnum fyrir 7 TF kallmerki í 6 keppnisflokkum hafði verið skilað til keppnisstjórnar og eru lokaniðurstöður eftirfarandi eftir endurútreikning:

20m – einm.flokkur – háafl.

TF3JB – 230.300 punktar – 7. í Evrópu / 21. yfir heiminn.

40m – einm.flokkur – háafl.

TF3CW – 129.883 punktar – 13. í Evrópu / 27. yfir heiminn.

80m – einm.flokkur – háafl – aðstoð.

TF3SG – 121.408 punktar – 28. í Evrópu / 32. yfir heiminn.

Öll bönd – einm.flokkur – lágafl.

TF3GB – 101.430 punktar – 288. í Evrópu / 377. yfir heiminn.

TF3VS – 19.652 punktar – 554. í Evrópu / 912. yfir heiminn.

Öll bönd – einm.flokkur – lágafl – aðstoð.

TF3DC – 19.159 punktar – 377. í Evrópu / 680. yfir heiminn.

Fleirm.flokkur, 1 sendir – háafl – aðstoð.

TF3W – 27.702 punktar – 82. í Evrópu – 137. yfir heiminn.

Ops: TF3DC, TF3JA.

20. maí – Rætt við VHF stjóra.

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður og Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður áttu góðan fund með Ara Þórólfi Jóhannessyni TF1A, VHF stjóra félagsins þann 20. maí. Framundan er endurskipulagning fjarskiptaaðstöðu félagsstöðvarinnar, þ.á.m. VHF/UHF hluta hennar. Markmiðið er að gera TF3IRA QRV á ný til fjarskipta um gervitungl.

Félagið hefur yfir að ráða góðum búnaði að til gervihnattafjarskipta. Kenwood TS-2000 stöð félags-



TF1A og TF3JB funduðu með TF3DC í fjarskiptaherbergi TF3IRA 20. maí. Ljósmynd: Óskar Sverrisson, TF3DC.



Vegleg VHF og UHF Yagi loftnet fyrir félagsstöðina TF3IRA voru sett upp sumarið 2010 og frágangi lokið í nóvember sama ár. Margir komu að því verki. Myndin hér að ofan var tekin eina helgina góða vinnuhelgi þegar endanlega var gengið frá fæðilinum. Frá vinstri: Kristinn Andersen, TF3KX; Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN, Erling Guðnason, TF3EE og Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3JON.

ins er lykillinn að þessum fjarskiptum, en hún er búin 100W sendi á 144 MHz og 50W sendi á 430 MHz. Loftnetin eru frá framleiðandanum M² og eru hringpóluð Yagi loftnet. VHF netið er af 2MCP14 gerð; 14 staka með 10.2 dBdc ávinningi. UHF loftnetið er af 436CP30 gerð; 30 staka með 14.15 dBdc ávinningi. Rótorinn er af tegundinni Yaesu G-5400B sem er sambyggður rótor fyrir lóðréttar og láréttar loftnetastillingar. Honum fylgir stillikassi fyrir hæðar og áttarhorn (e. Elevation Azimuth Dual Controller) sem má tengja við og stýra með tölvu. VHF og UHF formagnarar eru frá SSB Electronic. Mögnun er 20 dB/0,8 dB suðhlutfall á VHF og 20 dB/0,9 dB suðhlutfall á UHF. VHF/UHF loftnetin eru fyrst og fremst hugsuð til fjarskipta um gervitungl en síðar – að búnaðurinn verði notaður til MS tilrauna í sömu tíðnisviðum.

Fundurinn með Ara Þórólfi var áhugaverður og eru menn á einu máli um að koma tækjum og búnaði TF3IRA aftur í gang til fjarskipta um gervihnetti. Sömu aðilar munu hittast aftur fljótlega.

Mikill áhugi er á meðal félagsmanna um þennan hluta áhugamálsins. Þess má geta, að um 60 gervihnöttum hefur verið skotið upp til nota fyrir fjarskipti radióamatöra í gegnum tíðina og er mikil gróska í þessum ranni og fjöldi nýrra gervihnatta ráðgerður á næstunni.

26. maí – Próf PFS til amatörleyfis.

Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis fór fram í Háskólanum í Reykjavík 26. maí. Alls þreyttu 9 prófið. Allir náðu a.m.k. fullnægjandi lágmarksárangri, 2 til N-leyfis og 7 til G-leyfis. Prófnefnd ÍRA



Mynd af nokkrum próftökum sem voru mættir snemma í HR að morgni prófdagsins 26. maí. Frá vinstri: Sigmundur Karlsson (TF3VE), Jón Grétar Bergþórsson (TF5LT), Ólafur Örn Ólafsson (TF1OL), Jón Björnsson, TF3PW, umsjónarmaður námskeiða ÍRA, Davíð Víðisson og Haukur Guðmundsson (TF3SK). Ljósmynd: Jónas Bjarnason, TF3JB.

annaðist framkvæmd að viðstöddum fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar. Prófið hófst kl. 10 árdegis á prófi í rafmagns- og radiófræði sem stóð til kl. 12 á hádegis. Um stundarfjórðungi síðar hófst próf í innlendum og erlendum reglum um viðskipti og aðferðum og reglum um þráðlaus fjarskipti, sem stóð til kl. 14. Bæði prófin voru skrifleg en einn próftaki þreytti munnleg próf.

Fulltrúar prófnefndar ÍRA á prófstað: Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður; Kristinn Andersen, TF3KX; Einar Kjartansson, TF3EK; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS; Þór Þórisson, TF3GW, auk Óskars Sverrissonar, TF3DC. Fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar á prófstað: Bjarni Sigurðsson, verkfræðingur. Fulltrúi stjórnar ÍRA á prófstað: Jónas Bjarnason, TF3JB.

Stjórn ÍRA færir Jóni Björnssyni, TF3PW, umsjónarmanni námskeiðsins og leiðbeinendum þakkir fyrir vel unnin störf. Það sama á við um Vilhjálmu Þóru Kjartanssón, TF3DX, formann prófnefndar og prófnefndarmenn, sem sinntu störfum faglega og af alúð. Þá er Bjarna Sigurðssyni, fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar, þökkúð viðvera í prófinu. Nöfn próftaka, í stafrófsröð:

Daggeir Pálsson, 600 Akureyri;
Davíð Víðisson, 101 Reykjavík;

Haukur Guðmundsson, 105 Reykjavík;
Hinrik Vilhjálmsson, 200 Kópavogur;
Huldar Hlynsson, 210 Garðabær;
Jón Grétar Borgþórsson, 311 Borgarnes;
Ólafur Örn Ólafsson, 104 Reykjavík;
Sigmundur Karlsson, 112 Reykjavík; og
Sveinbjörn Guðjohnsen, 110 Reykjavík.

Stjórn ÍRA óskar próftökum innilega til hamingju með árangurinn og býður þá velkomna í loftið.

26.-27. júní – CQ WW WPX morskpeppnin



CQ WW WPX CW keppnin 2018 fór fram 26.-27. maí. Að þessu sinni sendu 5 TF stöðvar inn gögn í 4 keppnisflokkum, sbr. eftirfarandi:

Öll bönd, einm.flokkur, aðstoð, háafl.
TF1AM – Andrés Þórarinnsson; 960.264 punktar.

Öll bönd, einm.flokkur, aðstoð, lágafl.
TF3DC – Óskar Sverrisson; 62.643 punktar.

Öll bönd, einm.flokkur, háafl.
TF3Y – Yngvi Harðarson; 266.500 punktar.

Öll bönd, ein.flokkur, lágafl.
TF3GB – Bjarni Sverrisson; 361.300 punktar.
TF3VS – Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson; 66.299 punktar.



Í Skeljanesi 31. maí. Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH, Ágúst Bjarnason TF3OM, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Jónas Bjarnason TF3JB og Giora Tamir K6TXT. Ljósmynd: Hila, XYL K6TXT.

31. maí – K6TXT í Skeljanesi.

Giora Tamir, K6TXT og XYL komu í heimsókn í félagsaðstöðuna í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 31. maí. Þau hjónin eru búsett í San Diego í Kaliforníu. Giora er m.a. áhugasamur um stafrænar tegundir útgeislunar og notar mest FT8 um þessar mundir.

1.-3. júní – Sýningin í Friedrichshafen.

Ham Radio sýningin í Friedrichshafen í Þýskalandi fór fram 1.-3. júní. Vitað er um eftirtalda 13 sem sóttu viðburðinn: TF1A, TF1GW, TF3-Ø33, TF3CC, TF3DT, TF3EE, TF3GB, TF3GS, TF3JA, TF3KB,



Guðmundur Sigurðsson, TF3GS og Þórður Adólfsson, TF3DT um borð í þotu Lufthansa á leiðinni á sýninguna í Þýskalandi.

TF3ML, TF3WK/OZ1OM og TF8GX. Á sýningunni voru m.a. sýndar nýjar HF stöðvar frá Yaesu og Kenwood, FTdx101D og TS-980S, auk nýrra VHF og VHF/UHF handstöðva og margs konar auka-búnaður. Sýningin næsta sumar, 2019, hefur verið færð til í tíma, til 21.-23. júní það ár.

7. júní – W6NV í Skeljanesi.

Oliver Sweningsen, W6NV, kom í heimsókn í félagsaðstöðuna í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 7. júní.



Í Skeljanesi 7. júní. Frá vinstri: Einar Kjartansson TF3EK, Jónas Bjarnason TF3JB, Oliver Sweningsen W6NV, Heimir Konráðsson TF1EIN, Bjarni Sverrisson TF3GB og Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33. Ljósmynd: TF3MH.

Hann er búsettur í Kaliforníu. Oliver er áhugasamur um keppnir en hefur jafnframt ánægju af að byggja upp eigin stöðvar, bæði heima í Orinda og á búgarði sínum við ströndina. Hann verður hér í nokkra daga og ætlar á þeim tíma að kynnst landinu og segist vera að komast „aftur“ í samband við Ísland, en hann kom hingað síðast fyrir 50 árum á leið til Þýskalands.

13. júní – TF18FWC í Skeljanesi.

ÍRA sótti um tímabundið, kallmerkið TF18FWC hjá PFS í tilefni HM 2018. Kallmerkið var notað frá félagsstöðinni og var TF8FWC strax sett inn á QRZ.COM



og LoTW. TF3MH er QSL Manager fyrir TF18FWC eins og önnur kallmerki félagsins. Heimilt var að nota kallmerkið til 14. júlí s.l.

20.-21. júní – TF6JZ og TF5B í Skeljanesi.

Félagar okkar frá Norðurlandi og Austurlandi voru meðal gesta í félagsaðstöðunni í 3. viku júnímánaðar.



Jóhann Zoëga TF6JZ og Óskar Sverrisson TF3DC í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

Þetta voru þeir TF6JZ frá Neskaupstað og TF5B frá Akureyri. Mikið var rætt um áhugamálið (eins og við var að búast), tekin nokkur sambönd frá TF3IRA, auk



Í Skeljanesi. Mathias Hagvaag TF3MH, Brynjólfur Jónsson TF5B og Gísli Ófeigsson TF3G. Ljósmynd: TF3JB.

þess sem QSL Manager félagsins fékk aðstoð Billa við flokkun korta sem voru nýkomin í hús.

30. júní – laugardagsopnun í Skeljanesi.

Félagsaðstaðan var opin í Skeljanesi laugardaginn 30. júní og alls mættu 12 manns. TF1A stjórnaði mælingum, m.a. á VHF/UHF stöðvum (bíl- og handstöðvum)



TF1OL, TF8PB, TF3LM (ihugar síðustu útkomu mælinganna) og TF1A. Ljósmynd: TF3JB.




TF3LM, TF1OL og TF1A gera mælingu á handstöð. Ljósmynd: TF3JB.

og „commercial“ stöðvum. Ari hafði með sér stóra tösku með mælitækjum og TF1OL sýndi m.a. nýjan RigExpert 600 loftnetsgreini.

Skemmtilegur eftirmiðdagur, sem best er lýst með orðum TF3LM, sem sagði: „Alveg gríðarlega upplýsandi „hittingur“, verð að muna eftir myndavélinni næst...“. Kaffi fá Lavazza var í boði og nýbakaðar vínarbrauðslengjur frá Bakarameistararum.

30. júní – Lokinu lyft af IC-7610.

Að loknum mælingum og tilraunum þennan laugardag, var ákveðið að opna stöðvarkassa IC-7610 af þeirri ástæðu, að menn höfðu lesið á netinu að bæði hafi fundist í nýjum Icom 7610 og FlexRadio stöðvum lausar kælingar á IC rásum – sem eru límdar upp (en líming hafi viljað losna frá). Stöð félagsins var skoðuð og mikið rétt, umrædd rás var laus frá og álkæling að detta af – auk þess sem önnur kæling sömu stærðar hafði losnað. TF3LM kom strax auga á



IC-7610 sýnir sinn innri mann. Ljósmynd: TF3JB.

hana í horni kassans. Að sögn Ara, er rétta lagfæringin að halda rásinni þétt upp að botninum í u.þ.b. 1 mínútu eftir að báðar kælingar hafa verið settar aftur upp á festipinnanna. Þetta var gert. Fylgst verður með að viðgerðin endist.

5. júlí – WØAIH í Skeljanesi.

Paul Bittner, WØAIH og XYL Mary, WBØPXM komu í heimsókn í Skeljanes fimmtudaginn 5. júlí. Þau hjón eru búsett í Wisconsin í Bandaríkjunum.



Frá vinstri: WØAIH, WBØPXM (XYL WØAIH), Elisabet, dóttir TF3SA, TF3SA, TF3MH, TF3JB, TF3DT, TF3DC, TF3-Ø33 og TF1A. Myndin var tekin nokkuð seint að um kvöldið þannig að margir höfðu farið heim (enda vinnudagur daginn eftir). Ljósmyndir: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Hann er í góðu formi miðað við aldur (er 84 ára ungur) og segist hafa mikla ánægju af loftnetavinnu, en hann er með rúmlega 60 turna á landareign sinni. Nýjasta verkefnið hans í loftnetum er Yagi loftnet á 80 metrum.

6. júlí – Alþjóðleg hnitakeppni ARRL

Alls voru 25 TF kallmerki á skrá í alþjóðlegu hnitakeppninni (e. ARRL International Grid Chase) þann 6. júlí, en viðburðurinn stendur út árið 2018. Sambönd þurfa að vera staðfest á Logbook of The World (LoTW). Hér á eftir eru talin þau 10 TF kallmerki sem eru með bestan árangur. Tala vinstra megin við kallmerkið segir til um röð samkvæmt heildarstöðu yfir heiminn.

- 890 – TF1A
- 1020 – TF5B
- 2184 – TF2MSN
- 2493 – TF3DT
- 4203 – TF3JB
- 4352 – TF3ARI
- 4502 – TF3EK
- 7829 – TF3Y
- 10599 – TF3DC
- 10567 – TF3PPN



Öll sambönd sem berast inn á LoTW safnast upp í sérstaka skrá ef upplýsingar fylgja um staðarreit/hnit. Skráin er svokölluð „Leaderboard“ skrá, sem er fyrir

sérhvern leyfishafa. Hægt er að slá inn vefslóðinni <https://igc.arrl.org/leader-board.php> og skoða stöðuna.

7.-8. júlí – VHF leikar ÍRA.

VHF leikar 2018 voru haldnir helgina 7.-8. júlí. Hrafnkell, TF8KY, umsjónarmaður þeirra kynnti leikana eftirfarandi á heimasíðu félagsins: VHF/UHF leikar eru hugarfóstur áhugamanna um langdræg innanlandsfjarskipti á þeim böndum. Markmið leikanna er að örva amatörmennskuna innanlands og sérstaklega hvetja þá í loftið sem eru nýir í áhugamálinu eða hafa verið í dvala um tíma. Og hann skýrði þetta nánar, eftirfarandi: VHF/UHF leikar eru alls ekki hreinræktaðir útileikar, og ekki fást færri stig fyrir heimastöðvar eða stöðvar tengdar rafveitu heldur en burðarstöðvar. Því er engu síðra að taka þátt með stöðvum í heimahúsum og sumarbústöðum, því fjallageitur með handstöðvar og ökumenn með bílstöðvar þurfa oftast en ekki almennileg loftnet á hinum endanum til að ná í gegn. Almennit gildir um öll



VHF/UHF stöð TF3IRA í fjarskiptaherbergi í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

sambönd að stig fást fyrir kílómetra í öðru veldi. Sama á við um öll bönd. Um sambönd yfir hafið gildir efsta tíðni (í MHz) viðkomandi bands í öðru veldi. T.d. 6m. $52 \times 52 = 2704$ stig. Skýrt verður frá niðurstöðum í næsta hefti CQ TF.

9. júlí – Nýir félagsmenn ÍRA og kallmerki.

Ný stjórn félagsins tók upp þá nýbreytni að birta mánaðarlega upplýsingar um nýja félagsmenn á heimasíðu og á öðrum miðlum. Við sama tækifæri eru birtar upplýsingar um ný og breytt kallmerki eftir að þau hafa verið staðfest af Póst- og fjarskiptastofnun. Á tímabilinu 20.3. til 11.6. hafa verið birtar upplýsingar tvisvar sinnum, annars vegar fyrir tímabilið 20. mars – 15. maí; og síðan



fyrir 16. maí – 11. júní. Hér fyrir neðan hefur þessum upplýsingum verið slegið saman í einn lista, auk nokkurra sem bæst hafa við frá 17. júní – 9. júlí:

Nýir félagsmenn 20.3.-11.6.2018:

Carl Jóhann Lilliendahl, TF3KJ, Reykjavík.
Frímann Baldursson, TF1TB, Selfossi.
Haukur Guðmundsson, TF3SK, 105 Reykjavík.
Hermann Georg Karlsson, TF3KC, 801 Selfoss.
Hjálmar Ólafsson, TF9-004, Blönduósi.
Jón Grétar Borgþórsson, TF5LT, 311 Borgarnes.
Ólafur Vignir Sigurðsson, TF3OV, 355 Ólafsvík.
Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL, 200 Kópavogur.
Rúnar Þór Valdimarsson, TF3RJ, 200 Kópavogur.
Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, Reykjavík.
Steve B. Petersen, TF/OZ1BTQ, 541 Blönduós.
Sveinbjörn Guðjohnsen, TF3PIE, 110 Reykjavík.

Ný kallmerki, breytingar/ný 20.3.-11.6.2018

TF1OL, Ólafur Örn Ólafsson, 200 Kópavogur.
TF1VHF, radióvitar á 4 metrum og 6 metrum, Álftanesi, Mýrum.
TF3GR, Huldar Hlynsson, 210 Garðabær.
TF3PIE, Sveinbjörn Guðjohnsen, 110 Reykjavík.
TF3SK, Haukur Guðmundsson, 105 Reykjavík.
TF3VE, Sigmundur Karlsson, 112 Reykjavík.
TF3VH, Hinrik Vilhjálmsson, 200 Kópavogur (áður TF3VHN).
TF5LT, Jón Grétar Borgþórsson, 311 Borgarnes.
TF7DHP, Daggeir Pálsson, 600 Akureyri.
TF8RN, Árni Freyr Rúnarsson, Keflavík (áður TF8RNN).

Stjórn ÍRA fagnar nýjum félagsmönnum og býður nýja leyfishafa velkomna í loftið.

Minningar úr félagsstarfinu...

TF3SIX

Radióvitinn TF3SIX fór í loftið á 50,0575 MHz frá húsakynnum Í.R.A. [við Dugguvog í Reykjavík] hinn 1. júní í fyrra [1988]. Heyrðist gott merki frá vitanum það kvöld, en strax morguninn eftir var hann orðinn rámur. Þegar að var gáð var útgangstransistor farinn og kviknað hafði í lághleypisú milli hans og lofnetsins. Eftir viðgerð var hann í gangi um nokkurt skeið, en þá bilaði loftnetið. Eftir að það var lagað komst hann aftur í gang, en fór seinna að heyrast á 80 metrum og var þá tekinn úr sambandi. Kom fram sú tilgáta að þetta hafi stafað af of lágrí rafveituspennu, sem stundum fer niður í 180 volt í félagsheimilinu. Sú kenning verður ekki sannreynð fyrr en búið er að gera við bilun sem kom í ljós í knýstigi vitans. Umsjónarmaður vitans Jónas Bjarnason, TF3JB tjáði CQ TF fréttabréfi að viðgerðar væri að vænta í ágúst. (Heimild: CQ TF, fréttabréf 1/1989).

Flutningar á félagsaðstöðu Í.R.A.

Í.R.A. flutti aðsetur sitt frá Vesturgötu 54.c í júlí 1979. Starfsemin var flutt að Dugguvogi 1 í mun rýmra húsnæði. Húsnæðið skiptist í sameiginlegt herbergi fyrir klúbbstöðina, TF3IRA, bóka- og tímaritsaðstöðu. Þá hefur QSL-Bureau'íð einnig prýðilegt rými á sama stað. Inn af er ófullgert pláss fyrir smíðaaðstöðuna, sem ættu án óþæginda að

rýma 5-7 manns. Þá er góður kjallari til geymslu á radióefni og hlutum. Aðrir í húsinu eru húsvörður, og Skotfélag Reykjavíkur sem við deilum með 50 manna sal til fundarhalds og fyrirlestra. Þá er rúm-gott eldhús, snyrting og geymslur í kyndiherbergi og á háalofti. Mikil vinna hefur verið lögð í húsnæðið frá því við fluttum inn og má nú með sanni segja að verkið sé vel hálfnað. Bæði séraðstaða okkar og svo salurinn hefur verið klæddur viðarplötum, teppi sett á og ljósabúnaður endurnýjaður. Vonir standa til að hægt verði að ljúka endurbótunum í fyrstu mánuðum sumarsins. (Heimild: CQ TF, 1. tbl. 1979).

Fyrsta SSB QSO gegnum OSCAR.

Þann 29. desember 1975 kl. 16.42 hafði TF3IRA 2 x SSB samband við SM4FGN gegnum OSCAR 6. RS var 5-5 báðar leiðir.

Þetta er eftir því, sem best er vitað, í fyrsta skipti, sem íslensk amatörstöð hefur talsamband gegnum gervitungl. Fyrstu íslensku orðin: “TF3IRA prófar, TF3IRA prófar ...” höfðu tveimur dögum áður endursenst frá OSCAR 7.

Loftnetið hjá ÍRA var beyglað “ground plane” búið til úr eirstálvír lóðuðum beint á “coax”-tengi. Sendiaflið var 70 W pep út. (Heimild: CQ TF, 3. tbl. 1975).



Loftskeytastöðin á Melunum

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Gamla loftskeytastöðin á Melunum á á aldarafmæli á þessu ári. Upphaflegt kallmerki hennar var OXR en varð svo TFA árið 1919.

Greinin sem hér fer á eftir kom í Morgunblaðinu 16. júní 1918 og er birt hér í heild. Glöggir lesendur CQ

TF taka væntanlega eftir því að stafsetning er nokkuð frábrugðin því sem nú tíðkast. Þótti við hæfi að hnika engu í greininni og er upprunaleg stafsetning því látin halda sér; þótt ein og ein prentvilla hafi verið leiðrétt.

Hafa amatörar vonandi bæði gaman og fróðleik af.

Hinn 14. júní voru blaðamenn bæjarins boðnir af landsímastjóra til þess að skoða hina nýju loftskeytastöð. Hefir landið nú nýlega tekið við stöðinni af Marconi-félaginu að öllu leyti, nema því, að rafmagnsgeymirinn á félagið enn sjálft, því hann reyndist illa og hefir félagið skuldbundið sig til þess að senda hingað nýjan rafmagnsgeymir hið fyrsta, og með því skilyrði, að stöðin geti sent skeyti eins langa leið og tilætlað er í samningnum við Marconi-félagið. En langdrag hennar hefur eigi verið unt að reyna enn sem komið er.

Blaðamönnum voru nú sýnd hin ýmsu herbergi stöðvarinnar, vélaklefarinnir, móttöku og sendistöðin og stofur þær sem teknar eru fyrir símrítunar- og loftskeytaskólann. Skýrði stöðvarstjórinn, Friðbjörn Aðalsteinsson, jafnframt ætlunarverk hinna ýmsu véla og áhalda og sýndi hvernig stöðin starfaði bæði að móttöku og sendingu skeyta.

Að því loknu gaf landsímastjórinn, O. Forberg, stutta skýrslu um sögu loftskeytamálsins hér á landi, byggingu stöðvar þessarar, kostnað og rekstur hennar og mælti á þessa leið:

Að koma Íslandi í loftskeytasamband við umheimin var fyrst hreyft á þingi árið 1902. Það var Einar Benediktsson, fyrrv. sýslumaður, sem gerðist aðaltalsmaður loftskeytasambandsins í það skifti.

Tveimur árum síðar, 1904, fór þáverandi ráðherra Hannes Hafstein, til Lundúna til þess að ráðgast við Marconifélagið um loftskeyta-samband við Ísland.

Skömmu síðar gerði Marconifélagið tilboð um að koma á loftskeytasambandi milli Skotlands – Reykjavíkur – Ísafjarðar – Akureyrar og Seyðisfjarðar. Fyrir stöðvar þessar vildi félagið fá eina miljón króna í eitt skifti fyrir öll og auk þess 113.000 kr. árlega til reksturskostnaðs. Allar tekjur áttu að renna í landssjóð.

Loftskeytatækin voru þá (1904) á bernskuskeiði

og sem betur fór var tilboðinu hafnað. Sem dæmi má geta þess, að Ameríku-samband Marconifélagsins, sem lokið var við 1905, gat eigi tekið verulega til starfa fyr en í febrúar 1908.

Sumarið 1905 lét Marconifélagið reisa hér tilraunastöð, sem gat tekið við skeytum frá Poldhu í Englandi, en var ekki útbúin með senditækjum. Ári síðar var þessi stöð lögð niður.

Á alþingi 1911 var mikið rætt um að koma á loftskeytasambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og jafnvel víðar. Það virtist hafa talsvert fylgi í þinginu, en var þó að lokum felt.

Með lögum um ritsíma og talsímakerfi Íslands frá 20. okt. 1913, var heimilað að byggja loftskeytastöð í nánd við Reykjavík. Átti aðaltilgangur stöðvarinnar að vera sá, að vinna við skip í hafi, og annast varasamband til útlanda.

Vegna stríðsins og annara ástæða seinkaði framkvæmd málsins þangað til sumarið 1916, að þeir Einar Arnórsson, þáverandi ráðherra, og landsímastjórinn fóru til Danmerkur og 1. júlí sama ár var gerður samningur við Marconifélagið um að byggja 5 kilowattastöð á Melunum við Reykjavík.

Loftskeytastöðin á Melunum.

Svo sem fyrr hefur verið frá skýrt bauð landssímastjórinn O. Forberg blaðamönnum bæjarins að skoða loftskeytastöðina 14. þ. m., er landið hefur nú tekið við af Marconifélaginu. Rafmagnsgeymirinn er ekki talinn duga og ætlar félagið að setja nýjan geymi í

stöðina við fyrstu hentugleika. Verður þá fyrst séð, hversu langt stöðin getur sent skeyti.

Á stöðinni sjálfri er umgengnin hin prýðilegasta, allt fagað og fagurt á að sjá, herbergi vönduð og vistleg í líviveltra.

Mikill er þar galdur véla og hávaði sem í brimi og fuglahjörgi, er vélar allar eru í gangi. Leiftra þar glampar og gneistar, og ber undur að augum og eyrum.

Stöðvarstjórinn, herra Friðbjörn Aðalsteinsson, skýrði frá vélavirki öllu og sýndi gang skeytasendinga- og móttökuióla. En að lokum sagði O. Forberg sögu loftskeytamálsins hér á landi, frá smíði stöðvarinnar, kostnaði og rekstri og ætlunarverki hennar og fórust í honum orð sem hér segir:

Fréttir af kynningu landsímastjóra birtist í öllum dagblöðunum. Ritstjóri dagblaðsins Frétta, (Guðmundur Guðmundsson 'skólaskáld') var öllu háfleygari í lýsingum en Mbl.

Um haustið veitti brezka stjórnin útflutningsleyfi á tækjunum og í desember 1916 kom flest alt efni til stöðvarinnar hingað til Reykjavíkur.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lét af hendi 20.000 fermetra lóð á Melunum gegn 300 kr. árlegu lóðargjaldi. Þá um haustið (1916) var einnig byrjað að reisa hús fyrir stöðina. Einari Erlendssyni byggingarmeistara var falin yfirumsjón við húsbýgginguna og má telja að lokið hafi verið við smíði hússins um síðustu áramót.

Húsið er einlyft með háum kjallara. Það er 56 X 33 fet, bygt úr steinsteypu og hið vandaðasta í alla staði. Í kjallaranum er þriggja herbergja íbúð fyrir dyravörð stöðvarinnar, auk eldhúss, þvottahúss, miðstöðvarhitavélar og geymslu fyrir olíu og eldi. Uppi eru þrjú herbergi fyrir loftskýtaskákin: eitt fyrir sendivélarnar, annað fyrir rafmagnsgeymirinn og hið þriðja fyrir móttökuvélarnar. Auk þess eru þar tvö herbergi fyrir símritunar- og loftskýtaskólana og tvö herbergi fyrir forstjóra stöðvarinnar. Húsið ásamt raflýsingu, hitaleiðslum og vatnsleiðslu, kostar um 77.000 kr. Húsið er ennþá ómálað að utan.

Möstur stöðvarinnar eru tvö og standa sitt hvoru megin við húsið. Þau eru 253 ensk fet á hæð hvert og 600 fet á milli þeirra. Hvort mastur er bygt úr 23 tíu feta stálpípum en efstu 23 fetin eru úr tré. 12 stálvírar styðja hver mastur. Stálvírar þessir eru einangraðir frá möstrunum og jörðu. Þeim er fest í átta stóra og sterka cementsstöpla. Möstrin standa einnig á samskonar cementsstöplum. Þessir cementsstöplar eru 10 talsins og auk þess 7 minni fyrir festar loftnetsins – samtals 17 stöplar. Milli masturtoppana eru strengdir 4 bronzepæðir og úr miðju þeirra aðrir 4 þæðir niður að jörðu og inn í vélaherbergið. Loftþæðir af þessari gerð eru nefndir »T-loftnet« og hafa þann eiginleika að geisla rafsegulöldunum jafnt í allar áttir.

Eiginsveiflur þessa loftnets eru um 900 metrar og er því notað til að senda 900 og 1800 m. öldur. Frá syðra mastri stöðvarinnar eru, auk áður umgetinna loftþráða, strengdir tveir þæðir niður að húsinu og inn í vélaherbergið. Þetta minna loftnet er aðallega notað til að vinna við skip með 600 metra öldulengd. Sitt hvoru megin við húsið eru grafnar í jörðu, í tvo hálfhringi, 56 galvaniseraðar járnplötur og við þær tengdir járnvírar, sem grafnir eru niður milli mastrana, og einnig leiddir inn í vélaherbergið. Þetta er kallað »jarðarsamband« stöðvarinnar. Uppsetning mastra, stálvíra, loftneta, cementsstöplar og jarðarsamband kostar um 33.500 kr.

Í vélaherberginu er senditækjunum komið fyrir.

Aðal hreyfivélina er 15 hestafla þriggja cylindra steinolíumótor. Hann er útbúinn með rafkveikju og einnig látinn ganga fyrir benzíni. Áfast við mótorinn er jafnstraumsvél, sem framleiðir 7,5 kw. 110/160 volta spennu. Jafnstraumsvél þessi gerir hvort tveggja að hlaða rafmagnsgeymirinn, og knýja $9\frac{1}{4}$ hestafla straumhreyfivél. Rafmagnsgeymirinn, sem er 60 »cellur« 260 ampérestunda, knýr straumhreyfivélina þegar steinolíumótorinn er ekki í gangi. Við straumhreyfivélina er tengd straumbreytivél, sem framleiðir einfasaðan breytistraum, 5 kw. 500 volt, 300 períóður. 500 volta breytistraumurinn er með spennubreytir hækkaður upp í 7500/15000 volt. Móttökutækin eru 4, þar af 3 af kerfi Marconis og 1 »Audion« - tæki De Forrest's. Móttökutækin hafa reynst afbragðs vel en ekki er hægt enn sem komið er að segja neitt ákveðið um langdrag stöðvarinnar. Samkvæmt samningnum ábyrgist Marconifélagið langdrag stöðvarinnar 750 kilometra að degi til og rúmlega helmingi lengra að nóttu (í myrkri).

Tilgangur stöðvarinnar er í fyrsta lagi sá að vinna við skip í hafi og við strendur landsins. Með því móti getur stöðin orðið fiskiflotanum, sem gera má ráð fyrir að verði útbúinn með loftskýtaskákinum, að ómetanlegu gagni. Í öðru lagi er ætlast til að stöðin verði miðstöð og gæslustöð þeirra loftskýtasköðva, sem væntanlega verða bygðar hér á landi innan skams, og í þriðja lagi á stöðin að annast varasamband við útlönd ef sæsímanum skyldi hlekkjast á.

Hvað viðvíkur síðasta atriðinu, þá ætti að vera hægt að koma talsverðu af símaviðskiftum vorum loftleiðina, ef sæsíminn bilar, - sérstaklega ef 5 kw. stöðin á Færeyjum, sem verður bygð eins fljótt og kringumstæður leyfa, - væri komin, en þó getum við ekki komið nándar nærri öllum þeim skýtum, sem nú eru afgreidd daglega gegn um sæsímann. Til þess þyrftu stöðvarnar að vera miklu öflugri og betur útbúnar.

Samningur sá, sem gerður var við Mikla Norræna, veitir félaginu einkaleyfi á símasambandi Íslands við Evrópu í 20 ár, eða þangað til í ágústmánuði 1926. Þess vegna var ekki ráðist í að reisa stærri, og þar af leiðandi miklu dýrari stöð, sem þó væri ekki leyfilegt að nota næstu árin. Fé það sem varið hefði verið til svo stórrar stöðvar, hefði því legið ónotað og rentulaust um óákveðinn tíma. - Í þessu sambandi má geta þess, að loftskýtasköð með langdragi héðan til Kanada var áætlað að mundi kosta fyrir stríðið, eða í stríðsbyrjun, um eina miljón króna. Tæki stöðvarinnar hér og verk-

fræðingur Marconifélagsins, sem hér var, kosta um 65.000 kr.

Það má heita ógerningur á þessum tímum, að fá erlendar stöðvar til að gera tilraunir við stöðina hér. Sem stendur erum við að gera tilraunir vil Lyngby-stöðina, en hún er svo langt í burtu, að ekki er talið líklegt að þær tilraunir takist. Lerwick á Hjaltlandi er sú stöð, sem mestar líkur eru til að gæti haft samband við Reykjavíkurstöðina, en leyfi til að reyna við Lerwick, eða aðra hentuga stöð á Bretlandi, er enn ekki fengið hjá Bretum.

Í sambandi við loftskeytastöðina hafa verið settir á stofn loftskeyta- og símritunarskólar. Skólar þessir eru útbúnir með nýtizku símataekjum og

kenslan er bæði bókleg og verkleg. Forstjóri stöðvarinnar stýrir einnig skólunum. Fyrsta námskeiðið hófst 1. febr. þ. á. Í símritunarskólanum eru 5 ungir menn, sem hafa nú lokið fyrri hluta námsins, sem stóð yfir í vetur, en eiga annan vetur eftir. Í sumar hefur þeim verið komið fyrir hingað og þangað á ritsímastöðvunum, en byrja aftur á námi í haust.

Við loftskeytaskólann luku 4 skipstjórar minna prófi og eru nú handhafar fyrstu íslensku prófskrteina í loftskeytafræði, sem gefin hafa verið út.

Skipstjórar þessir voru: Guðmundur Jónsson, Hafsteinn Bergþórsson, Jóel Jónsson og Jón Otti Jónsson.



Efri t.v. Loftskeytastöðin. Lms. Rvk., Magnús Ólafsson. Efri t.h. Loftskeytamenn að störfum, standandi er Guðjón Jónsson en sitjandi er Haukur Jóhannesson. Lms. Rvk., Sveinn Þormóðsson, Neðri myndin er tekin inni í stöðvarhúsinu. Lms. Rvk., Magnús Ólafsson.



TF1VHF QRV á 50 og 70 MHz

Jónas Bjarnason, TF3JB

Stórvirki var unnið á vettvangi áhugamáls okkar þegar tveir nýir radióvitar voru settir í loftið þann 12. maí 2018.¹ Um er að ræða vita á tíðnunum 50.457 MHz á 6 metrum og 70.057 MHz á 4 metrum.² QTH er Álftanes á Mýrum. Til hagræðis er notað sama kallmerki, TF1VHF. Merki heyrast vel í Reykjavík, um Suðurnes, austur fyrir fjall, um Snæfellsnes og um Vesturland og til útlanda. Mikill áhugi er fyrir vitunum innan sem utanlands og strax hefur til dæmis vakið athygli hve oft skilyrði virðast opnast á 70 MHz til Evrópu. Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, fjármagnaði verkefnið og stóð straum af kostnaði. Ólafur hefur, eins og kunnugt er, einnig unnið frábært starf undanfarin ár við uppbyggingu endurvarpa í VHF og UHF tíðnisviðunum.

TF1VHF vitarnir nota 25W sendi á 50 MHz og 23W sendi á 70 MHz. Þeir eru tengdir við sitt hvorn ½- tvíþólinn í loftnetsturni þar á staðnum. 50 MHz loftnetið er lárétt í 26 metra hæð og 70 MHz netið er lóðrétt í 16 metra hæð. Mótunaraðferðir eru þrjár. Hefðbundin burðarbylgja, skilaboð á morsi og PI4 (PharusIgnis4) sem ný stafræn tegund útgeislunar (MGM), hönnuð fyrir radióvita.

Undirbúningur

Radióvitarnir eru búnir nýjustu tækni og smíðaðir samkvæmt ýrtruðu gæðakröfum. Ólafur samdi við Bo Hansen, OZ2M, sem fer fyrir hópi danskra radióamatöra um smíðina. Hann stóð jafnframt fyrir því, að Bo kom hingað til lands og flutti áhugavert erindi í máli og myndum um verkefnið í Reykjavík 16. febrúar 2017. Kynningin fór fram á Grand Hótel og var mjög vel sótt af félagsmönnum og var hvergi sparað í viðurgerningi.

Erindi Bo var ítarlegt, vel fram sett og skemmtilega flutt. Strax var ljóst að þar fór maður með mikla þekkingu á því sem hann talaði um. Það var því akkur fyrir íslenska leyfishafa að fá innsýn í þennan



Loftnetsturninn í Álftanesi á Mýrum sem hýsir loftnetin fyrir TF1VHF. 50 MHz loftnetið er í 26 metra hæð og 70 MHz loftnetið er í 16 metra hæð. TF3ML, TF3SUT, TF1A og TF3-Ø33 önnuðust frágang búnaðar. Ef vel er að gáð má sjá Samúel, TF3SUT, uppi í turninum. Ljósmynd: TF1A.

sérhæfða heim sem sífellt er í þróun og sýndu menn verkefninu verðskuldaðan áhuga. Bo svaraði greiðlega öllum spurningum og voru umræður líflegar. Fyrir flesta var margt nýtt sem þarna var kynnt, m.a. PI4 „PharusIgnis4“ sem er sérhönnuð

¹ Formleg heimild Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir TF1VHF er dagsett 22. maí 2018.

² 4 metra bandið er ekki eiginlegt amatörband hér á landi frekar en annarsstaðar. Í allmörgum löndum hafa radióamatörar hins vegar fengið sérheimildir til að gera tilraunir í sviðinu. Þann 19. febrúar 2010 gátu íslenskir leyfishafar sótt um sérstakt tilraunaleyfi á 70 MHz sem gildi út það ár. Fyrst var það endurnýjanlegt til 1 árs en frá árinu 2016 hefur það verið endurnýjað til 2 ára – en núgildandi heimildir renna út þann 31. desember 2018. Ísland var síðasta landið af Norðurlöndunum að setja upp radióvita á 70 MHz en slíkir vitar hafa verið QRV þar um árabil, auk Færeyja og Grænlands.



Bo Hansen, OZ2M skýrir frá TF1VHF verkefninu á kynningu á Grand Hótel í Reykjavík 16. febrúar 2017. Ljósmynd: TF3JB.

tegund útgeislunar fyrir radióvita á stafrænu formi (MGM). PI4 er í raun endurhönnuð/breytt tegund JT4 útgeislunar frá K1JT, þannig að til styttingar er m.a. sleppt upplýsingum um hnit í skilaboðunum. Samanborið við 47,414 sek. tímalengd JT4 er lengd skilaboða PI4 aðeins 24,333 sek. Kostur PI4 er jafnframt að upplýsingar skila sér betur á áfangastað en ella, t.d. þegar norðurljós (*e. aurora*) eða þétt regnský (*e. rain scatter*) trufla viðtöku.

Áhugaverðar vefslóðir sem kynntar voru 16.2.2017:

<http://www.rudius.net/oz2m/software/pi-rx/>

<http://www.rudius.net/oz2m/ngnb/pi4.htm>

og

<http://www.oz7igy.dk/>



Ólafur B. Ólafsson, TF3ML á kynningunni á Grand Hótel í Reykjavík 16. febrúar 2017. Ólafur upplýsti m.a. að verkefnið væri umfangsmeira en bara radióvitar á 50 MHz og 70 MHz því hann hafi í hyggju að setja upp þriðja radióvitann á 144 MHz. Fyrirhugað er að hann verði staðsettur austar á landinu, t.d. í námunda við Höfn í Hornfirði. Vitinn á 2 metrum vitinn veður smíðaður af sömu aðilum. Ljósmynd: TF3JB.

Engin lognmolla í kringum TF3ML

Þegar við Jón Svavarsson, TF3JON, ljósmyndari, heimsóttum Ólaf í Garðabæinn þann 5. júlí var hugmyndin fyrst og fremst að ræða um radióvita-verkefnið sem við og gerðum, eins og lesa má um að framan. Ólafur kann að segja skemmtilega frá og býr til gott kaffi, þannig að það lengdist í heimsókninni og ákveðið var að taka líka niður upplýsingar um risastórt loftnetaverkefni hans á 50 MHz á Eyrarbakka og verður nú tekið til við frásögn af því.

Í beinu framhaldi af TF1VHF verkefninu, tók Ólafur til við að setja saman stærsta 50 MHz loftnet sem sést hefur hér á landi. Og rúnum 4 vikum eftir að radióvitarnir voru gangsettir, varð TF3ML QRV frá færanlegu „fjarskiptavirki“ sínu á Eyrarbakka, með 24 element á 6 metrum – þ.e. fjögur 6 elementa einsbands Yagi loftnet frá InnovAntennas – sem eru fest á öflugan heimasníðaðan „H-ramma“ og fösuð saman. Ávinningur er mikill, eða 23,93 dBi. Hæð frá jörðu er um 20 metrar (í miðju H-rammans). Til viðbótar kemur, að þetta QTH er aðeins örfáa metra frá Atlantshafinu.

Og hvernig kemur svo „loftnetavirkið“ út var spurt? Þetta er draumaloftnet var svarið. Ólafur nefndi sem dæmi, að radióvitarnir í Færeyjum, Svalbarða og Grænlandi væru inni alla daga og Evrópa meira og minna. Á lengri vegalengdum sagði hann stefnuvirknina ævintýrlega og hann fyndi til dæmis



Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, heima í Garðabænum við hnitasett kort radióamatöra af IARU Svæði 1. Ljósmynd: TF3JON.

verulegan mun þegar hann stefnir loftnetinu frá austurströnd Bandaríkjanna niður á Flórída. Síðan væri Japan inni daglega (á ákveðnum tímum dags) og S-Ameríka væri að byrja að koma inn, en tímabilið á 50 MHz myndi ná hámarki seint í júlí og standa fram í ágúst og jafnvel lengur. Hann sagði Eyrarbakka vera „óska“ QTH, hvorutveggja stutt frá Reykjavík og að Bakkin væri staðsettur nánast við öldur Atlants-hafsins þannig að „take-off“ fyrir merki á 6 metrum væri eins gott og hægt væri að hugsa sér. Ólafur óskaði að það kæmi fram að Baldvin, TF3-Ø33, hafi veitt sér ómetanlega aðstoð við bæði verkefni. TF3JB og TF3JON þökkðu skemmtilegt kvöld og ræddu mikið um loftnet á heimleiðinni.



H-ramminn sem heldur 6 elementa einsbands Yagi loftnetunum fjórum í réttri fjarlægð innbyrðis er mjög öflugur. Hér sést hann í endanlegri gerð, en Ólafur þurfti að prófa sig áfram með stögunina, sem er mjög öflug og byggist í grunninn á 16 stálvírum. Ljósmynd: TF1A.




Vinsældir FT8 ná nýjum hæðum

Jónas Bjarnason, TF3JB


Það hefur ekki farið framhjá neinum að vinsældir stafrænna mótana á HF böndunum hafa aukist síðustu ár. Sérstaklega hefur það verið áberandi eftir að efri böndin tóku að lokast. Segja má, að nýjum hæðum hafi verið náð í vinsældum þeirra síðastliðin 2-3 misseri með tilkomu FT8.

Sá sem þetta ritar tók þó seint við sér og varð ekki QRV sem „stafrænn“ fyrr en 28. júní 2017 og þá á JT65.¹ Það tók skamman tíma að átta sig á „töfrum“ JT65 sem t.d. gerði mögulegt að hafa sambönd í jafnvel „arfalélegum“ skilyrðum um allan heim. Þetta var ný upplifun fyrir mann sem til þess tíma hafði mestmegnis verið virkur á morsi. Mestu munar, að þegar sambönd á morsi eru ekki lengur möguleg (skilyrðin dottin út) þá iða tíðnir fyrir stafrænar mótanir af lífi og auðvelt að hafa sambönd þar, meira að segja á 5 metra háu stangarloftneti og 40W afli.




Joseph H. Taylor, Jr., K1JT, annar höfundar WSJT-X forritanna sem eru notuð fyrir stafrænar mótanir er prófessor við Harvard háskólann. Hann hlaut Nóbelsverðlaun í eðlisfræði árið 1993.

Adam var þó ekki lengi í Paradís því um sólarhring eftir að farið var í loftið á JT65 (þann 29. júní) kynnti Joe Taylor K1JT, FT8 mótunina til sögunnar. Þrátt fyrir að aðeins væri um fyrstu frumútgáfu að ræða varð FT8 strax vinsælt. Mánuðina á eftir voru kynntar uppfærslur sem gerðu mótunina enn vinsælli og nú síðast um páskana 2018 var kynnt til ein fyrir DX leiðangra sem gerir þeim kleift að nota FT8 með góðum árangri. Eftir því sem tíminn leið (frá 28. júní) fækkaði stöðvum sem voru QRV á JT65, en með harðfylgi tókst að ná nægum fjölda sambanda til að geta sótt um „digital“ DXCC í byrjun árs 2018 (allt sambönd á JT65). Og loks um síðastliðna páska (með aðstoð góðra manna) varð stöðin QRV á FT8.



Mynd af tölvuskjá TF3JB 30. ágúst 2017 kl. 21:25. Stöðin er stillt á JT65 á 80m. Í grænlituðu línunum má sjá kallmerkið VU2NKS. Ekki tókst að hafa samband við stöðina sem er með QTH í Vestur-Indlandi þrátt fyrir 15dB styrk merkis og ítrekaðar tilraunir. Hafa ber í huga að loftnetið sem var til nota var 5,5m stangarloftnet (með spólu fyrir 80m í fæti þess). Kannski hjartsýni að halda að samband mundi nást, en það var spennandi að reyna. Þess má geta að JT65-samband hafði náðst nokkrum kvöldum fyrr við RIANO á Suður-Shetlandseyjum á 80m á þessu sama loftneti með 40W afli. Fjarlægðin þangað frá TF er 14.400 km.

Það verður að segjast eins og er, að mun fleiri stöðvar virðast QRV á FT8 heldur en þegar mest var á JT65 og í dag eru 20 metrarnir t.d. oft nánast „yfirfullir“ af merkjum þegar skilyrðin koma upp. Það sem FT8 hefur m.a. umfram JT65 er um tveimur þriðju styttri samskiptatími. Það þýðir t.d. að maður fer ekki lengur fram í eldhús frá stöðinni til að fylla á kaffibollann, þegar aðeins 15 sekúndur eru á milli sendinga á FT8 samanborið við 47,8 sekúndur á JT65. Stafrænar tegundir útgeislunar hafa í raun gert radióamatörum með tiltölulega einfaldan loftnetsbúnað og lítið afl, möguleika á að vinna með merki í DX sem eru allt að -28 til -30dB undir suði miðað við 2500 Hz bandvidd. Á FT8 er þannig unnt að nema merki sem eru svo dauf að þau heyrast ekki í hátalara. Í þessu sambandi er gaman að geta þess, að FT8 hefur einnig



Myndin sýnir skjámynd af merkjum á FT8 mótun á 20 metra bandinu. Eins og sjá má er þröngt setinn bekkurinn.

1 Undanskilin er þátttaka greinarhöfundar á RTTY frá TF3IRA (sem stafrænn) á tímabilinu 1975-1980.

50.300	2 700 Hz	MGM Narrowband Telegraphy	50.305-PSK Center of activity 50.310-320 EME center of activity 50.320-380 MS center of activity
50.400			

Hluti af bandplani fyrir 6 metrana í IARU Svæði 1; QRG 50.300-50.400 MHz gildir m.a. fyrir stafrænar tegundir útgeislunar.

opnað á sambönd á 6 metrum. Sem dæmi má nefna að í fyrra (2017) var fjöldi íslenskra stöðva með sambönd við Japan, sem einhvern tíma hefði þótt saga til næsta bæjar. Samskiptatiðnin 50.303 MHz er einkum notuð og þegar þetta er skrifað (í byrjun júní) hafa stöðvar hérlandis þegar náð ótrúlega góðum samböndum á FT8 á 6 metrum, sem vekur vonir um spennandi opnanir en „tímabilið“ fyrir DX sambönd á 50 MHz er gjarnan skilgreint frá maí til ágúst.

Eins og gefur að skilja hafa miklar umræður verið um stafrænar mótanir á netinu. Flestir hafa fagnað því að menn geti nú auðveldlega verið í DX og notað tiltölulega fábreyttan búnað. Stafrænar mótanir hafa þannig stuðlað að aukinni breidd í áhugamálinu því fleiri eru nú almennt QRV á böndunum. Þessar vinsældir koma fyrst og fremst til vegna þess að það er hægt að hafa sambönd í lélegum og (jafnvel) afleitum skilyrðum. Í annan stað, er tungumálakunnátta sem áður var sumum fjötur um fót það ekki lengur, þar sem skilaboðin eru stutt og stöðluð. Í þriðja lagi, virðast stafrænar mótanir höfða til breiðari aldursþóps en hefðbundnar, þ.m.t. til þeirra sem eru yngri og hafa „alist upp“ með tölvum og tölvuleikjum. Loks má taka til, að það kostar ekki aukin fjárútlát hafi menn áhuga á að verða QRV á stafrænum mótunum (svo framarlega sem aðgangur er að tölvu) því forrit sem til þarf má sækja á netið og eru ókeypis.

Þeir sem ekki eru spenntir fyrir þessari nýjung, nefna gjarnan að samskiptin séu ópersónuleg og „vélræn“. Í annan stað er bent á að ekki sé sama vinna að baki viðurkenningum eins og DXCC og hjá þeim sem t.d. eru á morsi og tali. Sumpart er þetta rétt. Hins vegar er baráttan við að ná sambandi við sjaldgæfa stöð sem notar stafræna mótun sú sama (og stundum jafnvel erfiðari). Skýringin er jú að það er sama QRM til staðar (og eftir atvikum meira) vegna fjölda merkja á þröngu bandi. Bent er á, að RTTY sé í sjálfu sér ekki ólíkt FT8 þar sem hvorutveggja eru tölvutengd samskipti. Sennilega er þetta líkast í keppnum þar sem samskipti eru stutt og stöðluð líkt og er í stafrænum samböndum. Eitt af því sem gerir framtíðina spennandi, er að víska er um að FT8 og fleiri tegundir stafrænna mótana (sem þegar eru í þróun) munu verða kynntar í náinni framtíð. Nýjungar eru spennandi og kannski sérstaklega hjá okkur radióamatörum því nútíðin hefur aldrei staðið í stað í áhugamáli okkar.

Þess má geta að lokum, að í umfjöllun um stafrænar mótanir á heimasíðu ARRL² kemur m.a. fram, að sambönd þar sem notaðar eru stafrænar tegundir útgeislunar fjölgar. Góður mælikvarði á það eru t.d. umsóknir um DXCC viðurkenningar sem hefur fjölgað um 11% í ár samanborið við sama tímabil í fyrra. Á þessum tíma hefur félagið afgreitt alls 898 umsóknir um WAS viðurkenningar, sem er 72% aukning samanborið við í fyrra. Af þessum fjölda reyndust 347 eða 39% vera fyrir FT8 QSO.

Í umfjöllun ARRL er haft eftir Norman Fusario, W3IZ, keppnisstjóra ARRL, að hann hafi heyrt að sumir væru þeirrar skoðunar að FT8 væri beinlínis að „taka yfir“ aðrar mótunaraðferðir á amatörböndunum. Það væri hins vegar ekki svo, þar sem virkni á hefðbundnum tegundum útgeislunar (tali og morsi) hefði aðeins minnkað lítillega, eða um 10%. Raunveruleg hnignun hafi hins vegar orðið í virkni á RTTY og PSK svo og öðrum WSJT-X mótunum (m.a. JT65). Hann sagðist þeirrar skoðunar að léleg skilyrði hefðu hvort eð er haft áhrif á fjölda þeirra sem eru virkir á SSB og morsi, burtséð frá hinni nýju mótun, FT8.



Íslandsvinurinn Gary, ZL2IFB, er höfundur „FT8 Operating Guide“. Hann er bóndi á Nýja-Sjálandi og hefur búið þar frá 2005. Hann er mikill DX-maður og nýtir hluta af bújörðinni undir loftnet. Margar TF stöðvar hafa haft samband við hann á böndunum, m.a. á FT8.

Áhugaverðar vefslóðir:

„WSJT-X Communication Protocols“. Höfundur: Josep H. Taylor, K1JT.

<https://physics.princeton.edu/pulsar/k1jt/wsjsx.html>

„FT8 Operating Guide“. Höfundur: Gary Hinson, ZL2IFB. Uppfærsla m.v. 19.4.2018.

http://www.physics.princeton.edu/pulsar/K1JT/FT8_Operating_Tips.pdf

„JT65A og WSPR tegundir útgeislunar“. Höfundur: Halldór Guðmundsson, TF3HZ, fimmtudagserindi, Skeljanesi 11. mars 2010.

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/03/JT65a-WSJT.pdf>

2 Heimild: Heimasíða ARRL 17. maí 2018, fréttadálkurinn „Latest News“.



Varasamir yfirspennupúlsar frá aflgjafa

Ágúst H. Bjarnason, TF3OM

Í ágústmánuði í fyrra benti Jón Björnsson TF3PW vinnufélagi minn mér á að hann hefði orðið var við öflugan yfirspennupúls frá MFJ-4230MV aflgjafanum. Þar sem ég notaði sams konar aflgjafa, reyndar frá öðrum framleiðanda, Jetstream JTPS31MP, til að knýja IC-7300 stöðina mína, varð mér ekki um sel. Frátengdi stöðina strax og tengdi Pico sveiflusjána við útganginn á aflgjafanum. Í ljós kom að annað slagið þegar kveikt var á aflgjafanum rauk spennan í smá stund upp í tæplega 26 volt, áður en hún féll niður í 13,8 V. Spennupúlsinn var það öflugur að mælirinn framan á tækinu sló í botn með smá látum.


Þetta er mjög óvenjuleg og afbrigðileg hegðun, og vafalítið eru flestir aflgjafar í lagi. Þetta sýnir okkur þó að betra er að hafa vaðið fyrir neðan sig og skoða spennuna frá aflgjafanum áður en hann er tekinn í notkun.

Það var nú ljóst að báðir aflgjafarnir, þ.e. frá MFJ og Jetstream, höguðu sér eins. Sjálfur átti ég einn MFJ sömu gerðar og Jón átti og var hann einnig prófaður. Allir 3 aflgjafarnir sýndu nákvæmlega sömu ein-kenni. Þetta er því hönnunargalli en ekki bilun.



Aflgjafarnir frá MFJ og Jetstream eru að öllu leyti eins smíðaðir. Eini munurinn er mismunandi texti á forplötu.

Þegar aflgjafarnir voru opnaðir kom í ljós að smíði og frágangur er mjög vandaður. Aflgjafinn truflar lítið og væri fyrirtaks tæki ef hann væri ekki að reyna að eyðileggja finu og dýru tækin okkar með yfirspennupúls.



Yfirspennupúlsarnir koma ekki alltaf eins og sést á litlu innfelldu myndinni, en því sem næst í annað hvert skipti. Hér má sjá að púlsinn hefur farið í 25,75 volt samkvæmt upplýsingum neðst á


Ég prófaði nú ýmislegt til að drepa niður púlsinn. Meðal annars 10.000 microfarad þétti, 100 ohm við-nám og 15 volta 5 watta zener díóðu. Ekkert dugði, en zenerdíóðan eyðilagðist strax. Jón prófaði seinna að tengja þrjár 15V-5W zenerdíóður samsíða, en það hjálpaði ekki heldur. Einn þeirra skammhleypist og eyðilagðist og voru þá eftir tvær sem vafalítið hefðu látið lífið ein af annarri við frekari prófanir.

Jón varð sér úti um teikningu af tækinu og upplýsingablað (data sheet) um aðal samrásina í aflgjafanum. Hann prófaði nokkrar breytingar, en ekkert hjálpaði.

Þessir 3 aflgjafar biða nú atvinnulausir uppi í hillu engum til gagns og ánægju. Það væri þó hægt að gera þá nothæfa með því að bæta við þá rafliða sem dregur þegar a.m.k sekunda er liðin frá því að kveikt er á tækinu. Rissmyndin sýnir hugmynd af svona búnaði. Þetta er einföld smíði og skömm er frá því að segja að þetta hefur ekki verið framkvæmt, en íhlutir liggja á smíðaborði ÁHB. Lítið pláss er inni í aflgjafanum fyrir breytingar, svo hugmyndin er að koma fyrir 12V 30A rafliða aftan á aflgjafanum og tengja frá rafliðanum inn í boxið í sérú við rauða plús tengið. Þetta ætti

að koma í veg fyrir hættulegar yfirspennur. Viðnámið 10 kílóhm og þéttirinn 100 míkrofarad ráða tafartímanum. Þetta eru líklega lágmarksgildi og ef til vill

er tafartíminn í styttra lagi. Prófa má að breyta þéttinum í 220 míkrofarad eða viðnáminu í t.d. 22 kílóhm til að lengja púlsinn.



Rissmyndin sýnir einfalda seinkunarrás sem hleypir ekki spennunni að álaginu fyrr en sekúnda er liðin frá því að kveikt er á tækinu. Liðinn er með 12V spólu og 30A snertu. Þægilegast er að kaupa með honum sökkul með áföstum leiðslum. Nota má veroborð fyrir íhlutina. Efnið var keypt í Íhlutum. Sjá athugasemdir í texta varðandi stærð á þétti og viðnámi.

Tímarit í Skeljanesi

Þegar þetta er ritað (í júlí 2018) er unnið að því að koma á ný skipulagi á tímaritaeign félagsins. Félaginu berast mánaðarlega tímarit á pappír frá átta landsfélögum radióamatöra, þ.e. frá Norðurlöndum, öðrum löndum í Evrópu og frá Bandaríkjunum. Að auki má sækja Norðurlandablöðin rafrænt á heimasíðu félagsins.

Fimm áragangar (af hverju tímariti) liggja frammi í Skeljanesi, 2014-2018. Blöðin eru vistuð í merktum innstungumöppum í bókaskáp í fundarsal. Eldri árgangar eru til í geymslu. Sum blöðin eru jafnframt í boði á rafrænu formi og vísast á leiðbeiningar á heimasíðu ÍRA.



Tímarit	Útgefandi	Mál	Útgáfutiðni	Aths.
CQ TF	ÍRA, Íslenskir radióamatörar	Íslenska	Ársfjórðungslega	Rafrænt
OZ	EDR, Experimenterende Danske Radioamatører	Danska	Mánaðarlega	Rafrænt
Amatør Radio	NRRL, Norsk Radio Relæ Liga	Norska	Mánaðarlega	Rafrænt/pappír
QTC	SSA, Föreningen Sveriges Sändareamatörer	Sænska	Mánaðarlega	Rafrænt/pappír
Radioamatööri	SRAL, Suomen Radioamatöörlitoo OY	Finnska	Mánaðarlega	Rafrænt/pappír
QST	ARRL, American Radio Relay League	Enska	Mánaðarlega	Pappír
RadCom	RSGB, Radio Society of Great Britain	Enska	Mánaðarlega	Pappír
CQ DL	DARC, Deutscher Amateur-Radio-Club e.V.	Þýska	Mánaðarlega	Pappír
Radio REF	REF, Réseau des Émetteurs Français	Franska	Mánaðarlega	Pappír
Radio Rivista	ARI, Associazione Radioamatori Italiani	Ítalska	Mánaðarlega	Pappír




CQ WW í 70 ár

Jónas Bjarnason, TF3JB




CQ World Wide DX keppnin á 70 ára afmæli í ár, 2018. Hún er stærst á meðal alþjóðlegra keppna fyrir radióamatöra og dregur nafn af CQ tímaritinu sem hóf göngu sína þremur árum fyrr, árið 1945. Í CQ

WW hafa stöðvar sambönd sín á milli um allan heim. Keppnin er haldin í stuttbylgjusviðum radióamatöra á 160, 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Það er í raun enginn lágmarkstími eða hámarkstími. Því getur viðvera í keppninni varað frá örfáum mínútum upp í 48 klukkustundir. Markmiðið er að hafa sambönd við stöðvar í



Stöplaritið sýnir fjölda innsendra keppnisdagbóka í SSB hluta keppninnar yfir heiminn 1948-2017. Rauðlituðu tölurnar við valda stöpla sýna fjölda innsendra dagbóka það ár. Dæmi: 1948 = 158 dagbækur og 2017 = 8.608 dagbækur. Heimild: CQ tímaritið.



Stöplaritið sýnir fjölda innsendra keppnisdagbóka í morshluta keppninnar yfir heiminn 1948-2017. Rauðlituðu tölurnar við valda stöpla sýna fjölda innsendra dagbóka það ár. Dæmi: 1948 = 558 dagbækur og 2017 = 8.450 dagbækur. Heimild: CQ tímaritið.

sem flestum DXCC einingum (löndum) á sem flestum CQ svæðum, innan þeirra tveggja sólarhringa sem keppnin stendur yfir.

Stöplaritin tvö sýna þróunina í fjölda innsendra keppnisdagbóka 1948-2017 yfir heiminn; annarsvegar fyrir tal og hinsvegar fyrir mors. Fjölgun þátttakenda upp úr aldamótunum 2000 er áberandi, en frá þeim tíma – út 2017, tvöfaldast fjöldi þeirra sem

senda inn keppnisgögn. Líkt og sjá má á stöplaritinum var fjöldi innsendra dagbóka kominn upp í 8.608 í SSB keppninni og í 8.450 í morskeppninni. Þessi fjöldi segir þó ekki alla söguna, því ef tekin eru með öll kallmerki sem hafa eitt eða fleiri sambönd í keppninni, er talið að heildarfjöldi sé á bilinu 60-80 þúsund stöðvar (í hvorum keppnishluta). Yfir 100.000 leyfishafar taka þannig þátt í CQ WW árlega, hver og einn á eigin forsendum.

Fyrsta keppnin var haldin árið 1948, SSB-hlutinn 29.-31. október og morshlutinn 5.-7. nóvember. Tveir íslenskir radióamatörar voru á meðal þátttakenda í talhlutanum, þeir Einar Pálsson, TF3EA¹ og Sigurður Finnbogason, TF3SF.² Í morshlutanum tóku þeir þátt, tveir hinir fyrrnefndu og Ásgeir Magnússon,



Myndin er af Einari Pálssyni, TF3EA, handhafa leyfisbréfs radióamatöra nr. 1 á Íslandi. Einar tók þátt í báðum hlutum fyrstu CQ WW keppninnar 1948. Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ferði myndina á stafrænt form.

1 Einar Pálsson, TF3EA, var handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 1 á Íslandi.

2 Sigurður Finnbogason, TF3SF, var handhafi leyfisbréfs nr. 13.

TF3AB.³ Allir voru virkir í CQ WW keppnunum árlega upp frá því; Ásgeir til 1964 (þó eingöngu á morsi), Einar til 1968 og Sigurður til 1969.

Í þessari umfjöllun verður einkum fjallað um bestan árangur TF stöðva í 70 ára sögu CQ WW DX keppninnar; eftir keppnisflokkum og tegund útgeislunar. Í annan stað verður komið inn á þætti sem hafa áhrif á keppendur og keppnirnar, svo sem skilyrðin. Leitast er við að setja efnið þannig fram, að það henti til jafns þeim sem áhuga hafa á keppnum og þeim sem áhuga hafa á að kynnst þessum sérstaka heimi innan áhugamálsins.

1. CQ World Wide DX keppnin

„CQ World Wide“ eins og hún er jafnan kölluð, verður haldin í 70. skiptið í haust (2018). Í hugum flestra radióamatöra sem eru áhugasamir um keppnir, er hún sú keppni sem þeir reyna að missa ekki af. Stór hópur leyfishafa hefur mikinn keppnisáhuga og eru nánast einvörðungu í loftinu í CQ WW (og/eða í öðrum keppnum), þ.á.m. hér á landi. Þessir menn nota tímann á milli keppna til að bæta og yfirfara búnaðinn, sundurgreina eigin keppnisdagbækur (og annarra)⁴ og lesa sérhæfð tímarit sem gefin eru út fyrir þennan hóp til að fylgjast með nýjungum í því augnamiði að ná betri árangri næst.

Að mörgu leyti er tímasetning alþjóðlegrar keppni í vetrarbyrjun ekki óskatími íslenskra radióamatöra þegar litið er til, annarsvegar, skilyrða í stuttbylgjunni og hinsvegar, veðuraðstæðna. Í hvorugu tilviki er hægt að ganga að einhverju vísu í þeim efnum. Eftirfarandi er gott dæmi um aðstæður þegar skilyrði skortir en veður er rólynt. Textinn birtist á bls. 75-76 í Ársskýrslu ÍRA 2013.

„Félagsstöðin TF3W var QRV í Scandinavian Activity SSB keppninni (SAC) helgina 13.-14. október 2012. Það var Sigurður Jakobsson, TF3CW, sem virkjaði stöðina. Þrátt fyrir afar erfið skilyrði náði hann að hafa 1040 QSO; nánast einvörðungu á 14 MHz. Mestan hluta keppnistímans stóð Norðurljósagildið í 10 og K-gildið í rúmlega 6 (en vísun yfir 5 er flokkuð sem segul-stormur). Vel var



Sigurður R. Jakobsson TF3CW við stjórnvölinn á TF3W í félagsaðstöðunni í Skeljanesi í SAC SSB keppninni 2012. Ljósmynd: Stefán Arndal, TF3SA.

staðið að undirbún-ingi loftneta fyrir keppnina og komu margir að því verki. Auk SteppIR 3E Yagi loftnets félagsins á 14, 21 og 28 MHz, munaði mest um færanlegt fjarskiptavirki Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML, sem hann flutti á staðinnfyrir keppnina. Ólafur setti upp nýtt OptiBeam OB-5 einsbandsloftnet (á færan-lega turninn) sem er 5 staka Yagi á 14 MHz með 15,7 dBi ávinning. Alvöru loftnet með 15,1 metra langa bómu og nær 90 kg að þyngd (eftir styrkingu). Að auki var skotbómukrani fluttur í Skeljanes. Á hann var festur Cushcraft 2 staka Yagi á 7 MHz sem er í eigu TF3CW. Sama dag var sett upp Fritzfel V-loftnet í eigu TF3ML fyrir 3,7 MHz. Ekki þurfti að hugsa um 160 metrana, þar sem SAC keppnirnar fara ekki fram á því bandi“.



Loftnet til ráðstöfunar í SAC SSB keppninni 2012 voru, frá hægri til vinstri: SteppIR 3E 3 staka Yagi loftnet á 10, 15 og 20 metrum í 15 metra hæð; Cushcraft 40-2CD einsbands Yagi loftnet á 40 metrum í 20 metra hæð og OptiBeam OB-5 einsbands Yagi loftnet á 20 metrum í 27 metra hæð. Ljósmynd: Jónas Bjarnason, TF3JB.

SAC SSB keppnin er að vísu ekki CQ WW keppni (sem hér er til umfjöllunar) en hún fer fram í sama mánuði. Þeim sem þetta ritar er afar minnisstætt hversu „arfaléleg“ skilyrðin voru í byrjun keppninnar og ég man hve þrúgandi það var að heyra Sigga kalla

3 Ásgeir Magnússon, TF3AB, var handhafi leyfisbréfs nr. 8 og heiðursfélagi í ÍRA.

4 Innsendar keppnisdagbækur vegna þátttöku í CQ WW DX keppninni frá og með árinu 2012 hafa verið opnar til niðurhals á heimasíðu keppninnar.

„CQ contest...“ án þess að fá svar...og jafn minnisstætt þegar fyrsti Þjóðverjinn kom **loksins** inn eftir tæplega 3 klukkustunda barning. Sjaldan held ég að sambandi við þýska amatørstöð hafi verið fagnað jafn mikið og var þarna. Hópur félagsmanna var staddur í Skeljanesi til að fylgjast með. Í því skyni að trufla ekki í fjarskiptaherberginu, hafði verið sett upp viðtæki í salnum á neðri hæð til að fylgjast með keppninni. Það fyrirkomulag kom skínandi vel út, burtséð frá skilyrðaleysinu. SAC keppnirnar eru sólarhringskeppnir sem byrja á hádegi á laugardegi lýkur á hádegi á sunnudegi.

Sem dæmi um hið gagnstæða, þ.e. góð skilyrði en afleitt veður, má t.d. segja frá L-loftneti fyrir 160 metrana sem sett var upp nokkrum dögum fyrir CQ WW morskkeppnina 2016. Notast var við 18 metra Spiderbeam rápstöng sem var vandlega stöguð og vel frá gengið. Tveimur dögum fyrir keppnina kom í ljós, að stöngin hafði gefið sig í illskuveðri deginum áður og var leitt að sjá vandaða filberstöng í þúsund pörtum sem dreifðust um Vatnsendahæðina. Líklega hefur ekki hjálpað til að þegar veðrið reið yfir var frost, sem líklega hefur gert glertrefjarnar stökkari en ella. Við hæfi er að ljúka þessari umfjöllun með því að nefna þá staðreynd, að helsta fyrirstaðan í því að ná verulega góðum árangri í fjarskiptum frá Íslandi, er óheppileg hnattstaða okkar, svona norðarlega. Marteinn Sverrisson, TF3MA, lýsti þessu eftirfarandi á heimasíðu sinni þann 28.3.2008:

„Ísland er í miðju norðurljósabeltisins, á 64. breiddargráðu norður og 22. vestur. Við erum á einum „versta“ stað jarðarinnar með tilliti til fjarskipta á stuttbylgju. Þetta geta þeir radíóamatörar staðfest sem


búið hafa erlendis og svo hinir sem sótt hafa hingað til þess að stunda fjarskipti. Við verðum því að spila úr því sem okkur er gefið. Það koma dagar þar sem skilyrðin eru frábær, en ekki margir. Notum þá. Þeir koma helst eftir að segulsviðið hefur verið rólegt/kyrrt í marga daga samfelld og sólarvirknin mikil („flúxinn“ mikill), a.m.k. er það reynsla mín“

2. CQ World Wide – SSB hluti

Í CQ World Wide DX SSB keppninni eru 50 keppnisflokkar í boði – þegar lagður er saman fjöldi einmennings- og fleirmenningsflokka. Í *stöplaritinu* er sýnt yfirlit yfir fjölda TF kallmerkja eftir árum sem sendu inn keppnisgögn á SSB 1948-2017. Skráning er svipuð framan af, en þáttaka eykst upp úr árinu 2005 og sérstaklega frá 2011, en þá verða skráningar á bilinu 12-13 á ári.

Á tímabilinu voru send inn gögn í 24 keppnisflokkum. Það eru 16 TF stöðvar sem eiga þessi met; þar af fjórar sem eiga met í tveimur eða fleiri keppnisflokkum. Stöðvarnar eru þessar: TF2MSN, TF3AO (í 4 flokkum), TF3CW (í 3 flokkum), TF3DC, TF3EK, TF3JB, TF3MA, TF3SG, TF3T, TF3W, TF3ZA, TF4X (í 3 flokkum) TF8GX (í 2 flokkum), TF8KY, TF/NØHJZ og W3TB/TF.⁵

Í *töflu 1* er sýndur sundurgreindur árangur eftir keppnisflokkum í SSB hluta CQ WW DX keppinnar. Upplýsingar eru um keppnisár (þegar met var sett), fjölda stiga, QSO, CQ svæði og DXCC einingar/lönd ásamt upplýsingum um viðveru í keppninni (þegar uppgæfið er af þáttakanda). Allar TF stöðvar á SSB eru einmenningsstöðvar nema TF3W, sem er fleirmenningsstöð.



Stöplarititið sýnir fjölda innsendra keppnisdagbóka TF stöðva í SSB hluta keppinnar 1948-2017. Rauðlituðu tölurnar við valda stöpla sýna fjölda innsendra dagbóka viðkomandi ár. Dæmi: 1949 = 1 dagbók og 2017 = 12 dagbækur. Heimild: CQ tímaritið.

5 Í stöplaritinu fyrir SSB hluta keppinnar (að ofan) vantar a.m.k. að skrá tvö íslensk kallmerki sem sannarlega tóku þátt í keppninni (sbr. frásögn framfarir í þessari umfjöllun) – en þeirra er getið í grein í CQ tímaritinu sem fjallar um keppnina 1948. Svo virðist sem annaðhvort sé um mistök að ræða hjá tímaritinu ellegar að þeir TF3EA og TF3SF hafi ekki náð að senda keppnisgögn í tíma.

Tafla 1. Bestur árangur TF stöðva eftir keppnisflokkum í SSB hluta CQ WW DX keppinnar 1948-2017

Keppnisflokkur	Ár	Kallmerki	Árangur (stig)	QSO (fjöldi)	Svæði (fjöldi)	DXCC (fjöldi)	Skýringar
10M – Einm.flokkur – háafl	2011	TF4X	540.189	3.099	25	92	Op: TF3Y (20,6 klst)
10M – Einm.flokkur – háafl, aðstoð	2013	TF3AO*	36.160	482	13	51	(5,1 klst)
10M – Einm.flokkur – lágafl	2011	TF8GX*	258.210	1.492	24	71	(13,3 klst)
15M – Einm.flokkur – háafl	2013	TF3CW*	1.231.608	3.419	37	131	(30,1 klst)
15M – Einm.flokkur – háafl, aðstoð	2011	TF3AO*	146.718	1.071	18	81	(13,2 klst)
15M – Einm.flokkur – lágafl	2002	TF3MA*	34.100	162	23	77	n/a
15M – Einm.flokkur – lágafl, aðstoð	2014	TF3AO*	6.900	120	8	42	(3,5 klst)
20M – Einm.flokkur – háafl	1988	TF3CW*	1.791.840	4.107	34	126	n/a
20M – Einm.flokkur – háafl, aðstoð	2017	TF3AO*	54.112	595	15	61	(8,9 klst)
20M – Einm.flokkur – lágafl	2008	TF8GX*	103.250	648	26	92	(13,4 klst)
40M – Einm.flokkur – háafl	1992	TF3CW*	454.580	1.624	31	109	n/a
40M – Einm.flokkur – háafl, aðstoð	2016	TF3T*	9.960	124	14	46	(11,5 klst)
80M – Einm.flokkur – háafl	2011	TF3ZA*	135.960	962	18	85	(15,1 klst)
80M – Einm.flokkur – háafl, aðstoð	2017	TF3JB*	31.360	398	12	58	(12,9 klst)
160M – Einm.flokkur – háafl	2010	TF3SG*	19.527	206	15	54	(19,5 klst)
Öll bönd – Einm.fl. – háafl	2015	TF4X	2.826.175	3.109	103	370	Op: N5ZO (48 klst)
Öll bönd – Einm.fl. – háafl, aðstoð	2005	TF/NØHJZ*	1.938.762	3.454	73	249	n/a
Öll bönd – Einm.fl. – lágafl	2014	TF2MSN*	407.008	707	69	247	(32,9 klst)
Öll bönd – Einm.fl. – lágafl, aðstoð	2015	TF3DC*	96.928	264	42	166	(9,3 klst)
Öll bönd – Einm.fl. – QRP	1984	W3TB/TF*	5.772	85	9	28	n/a
Öll bönd – Einm.fl. háafl, "classic"	2015	TF4M	1.406.510	1.979	87	268	Op. N5ZO (24 klst)
Öll bönd – Einm.fl. lágafl, "classic"	2015	TF3EK	476	23	9	19	(4,9 klst)
Öll bönd – Einm.fl. lágafl, "rookie"	2015	TF8KY	41.730	211	33	97	(22,2 klst)
Öll bönd – Fleirm.fl. – Einn sendir	2012	TF3W*	7.125.928	5.701	130	489	Ops: TF3ZA og... ¹

Einm.fl. = Einmenningsflokkur. Fleirm.fl. = Fleirmenningsflokkur.

* Stjarna aftan við kallmerki merkir að viðkomandi er jafnframt með bestan árangur á CQ svæði 40.

Auk TF3ZA voru ops: SMØMDG, SMØMLZ og SMØNOR.

2.1 Elsta metið á SSB er frá 1984.

Elsta metið hefur staðið í 34 ár, eða frá 1984 þegar Theodore Edwards Jr., W3TB/TF keppti í QRP keppnisflokki á SSB á öllum böndum. Heildarfjöldi punkta var 5.772. Þessi niðurstaða tryggði honum 12. sætið í Evrópu og 24. sæti yfir heiminn.

Yngsta metið (eru reyndar tvö) eru frá því í fyrra, 2017. Annars vegar, var Ársæll Óskarsson, TF3AO, sem keppti í einmenningsflokki á SSB, 20 metrum, háafl, aðstoð. Heildarfjöldi punkta var 54.112. Þessi niðurstaða tryggði honum 45. sæti í Evrópu og 75. sæti yfir heiminn, ásamt bestum árangri á CQ svæði 40. Hins vegar, var Jónas Bjarnason, TF3JB, sem


keppti í einmenningsflokki á SSB, 80 metrum, háafl, aðstoð. Heildarfjöldi punkta var 31.360. Þessi niðurstaða tryggði honum 25. sæti í Evrópu og 28. sæti yfir heiminn, ásamt bestum árangri á CQ svæði 40.

2.2 Gull og silfur og met á CQ svæði 40.

Afgerandi bestum árangri í SSB hluta keppinnar náði Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, árið 1988. Þá setti hann *Evrópumet* í einmenningsflokki á 20 metrum, háafl og varð *hæstur* yfir heiminn, ásamt því að eiga bestan árangur á CQ svæði 40. Heildarfjöldi punkta var 1.791.840; QSO 4.107; CQ svæði 34; og



TF/NØHJZ var QRV í SSB keppninni 2005.



N5ZO var QRV frá TF4X á SSB 2015.



TF3Y var QRV frá TF4X á SSB 2011.



TF3ZA var QRV á SSB 2012 frá TF3W ásamt fleirum.

DXCC 126. Þetta glæsilega met Sigurðar hefur staðið óhreyft í 30 ár.



Sigurður R. Jakobsson, TF3CW. Í SSB hluta CQ World Wide DX keppinnar hefur Sigurður náð bæði gullverðlaunum og silfurverðlaunum yfir heiminn í sínum keppnisflokki, gulli og fernum silfurverðlaunum yfir Evrópu, auk tvennra bronsverðlauna. Ljósmynd. Jón Svavarsson, TF3JON.

Fleiri TF kallmerki hafa náð góðum árangri í SSB hluta keppinnar þótt ekki hafi verið í fyrstu þremur sætum.

Richard Westerberg, NØHJZ, tók þátt sem TF/NØHJZ í SSB keppninni árið 2005. Hann keppti í einmenningsflokki á öllum böndum, háafli, aðstoð. Stigafjöldi var 1.938.762. Þessi árangur tryggði honum 16. sæti í Evrópu, 33. sæti yfir heiminn og bestan árangur á CQ svæði 40.

Marko L. Myllymaki, N5ZO, tók þátt 2015 á SSB frá TF4X. Hann keppti í einmenningsflokki á öllum böndum, háafli. Heildarfjöldi stiga var 2.826.175. Þessi árangur tryggði honum 14. sæti í Evrópu og 51. sæti yfir heiminn. Hann tók enn fremur þátt 2015 á SSB frá TF4X á öllum böndum, háafli, „classic“ keppnisflokki. Heildarfjöldi stiga var 1.406.510. Þessi árangur tryggði honum 9. sæti í Evrópu og 19. sæti yfir heiminn.

Yngvi Harðarson, TF3Y, tók þátt árið 2011 á SSB frá TF4X. Hann keppti í einmenningsflokki á 10 metrum, háafli. Heildarfjöldi stiga var 540.189. Þessi árangur tryggði honum 10. sæti í Evrópu, 32. sæti yfir heiminn og bestan árangur á CQ svæði 40.

Jón Ágúst Erlingsson, TF3ZA, ásamt SMØMDG, SMØMLZ og SMØNOR tóku þátt árið 2012 á SSB frá TF3W. Þeir kepptu í fleirmenningsflokki; einn sendir, öllum bönd, háafli. Heildarfjöldi stiga var 7.125.928. Þessi árangur tryggði þeim 24. sæti í Evrópu, 50. sæti yfir heiminn og bestan árangur á CQ svæði 40. Þessi árangur Jóns Ágústs og félaga felldi þar með fyrra TF met í keppnisflokknum, sem staðið hafði í 32 ár, eða frá því TF3CW, TF3DC, TF3JB og TF3YH (nú TF3Y) tóku þátt í keppninni árið 1980 á SSB frá TF3IRA.



Frá vinstri: TF3Y, TF3JB, TF3DC og TF3CW (sitjandi). Myndin var tekin í fjarskiptaherbergi TF3IRA árið 2010 í tilefni þess að 30 ár voru liðin frá því þegar hópurinn setti íslenskt met í einmenningsflokki, einn sendir, háafli í CQ WW DX SSB keppninni 1980. Fjórmenningarnir færðu félaginu að gjöf innrammaða ljósmynd af hópunum sem var tekin af TF3AC í páverandi fjarskiptaherbergi félagsins við Dugguvog. Í grein um niðurstöður keppinnar, sem birtist í CQ tímaritinu 1981, birtist sú mynd á forsiðu. Ljósmyndin af hópunum (30 árum síðar) var römmuð inn ásamt ljósriti af greininni í CQ tímaritinu og upplýsingum um heildarárangur. Í tilefni þessa, hittust fjórmenningarnir ásamt Jóni Svavarssyni, TF3JON ljósmyndara, í fjarskiptaherbergi ÍRA þann 16. desember 2010 og var tekin ljósmynd í tilefni þess að liðin voru 30 ár frá viðburðinum og að metið hafði staðið óhaggað til þess tíma. Gjöfinni var formlega veitt viðtaka á stjórnarfundi í ÍRA degi síðar og hangir nú uppi í fjarskiptaherbergi félagsstöðvarinnar.

3. CQ World Wide – CW hluti

Í CQ World Wide DX morskveppninni eru 50 keppnisflokka í boði eins og í SSB hlutanum – þegar lagður er saman fjöldi einmennings- og fleirmenningsflokka. Í *stöplaritinu* er sýnt yfirlit yfir fjölda TF kallmerkja eftir árum sem sendu inn keppnisgögn á morsi 1948-2017. Skráning er lífleg í byrjun, en dettur svo niður uns hún fer upp á ný 1975 í skamman tíma. Nokkru eftir aldamótin 2000 eykst hún aftur og sérstaklega frá 2008, en er í hámarki 2014 þegar 10 skráningum er náð.

Á tímabilinu voru send inn gögn í 26 keppnisflokum. Það eru 16 TF stöðvar sem eiga þessi met; þar af sjö sem eru með tvo eða fleiri keppnisflokka. Stöðvarnar eru: TF3AO (í 2 flokkum), TF3DC (í 2 flokkum), TF2CW/TF3CW (í 6 flokkum), TF3EJ, TF3EO (í 2 flokkum), TF3GB, TF3HP, TF3IRA, TF2JB/TF3JB (í 2 flokkum), TF3MA (í 2 flokkum), TF3SG (í 2 flokkum), TF3W, TF3WW, TF3YH/TF3Y, TF4M og TF4X.

3.1 Elsta metið á CW er frá 1981.

Í *töflu 2* er sýndur sundurgreindur árangur eftir keppnisflokum í morshluta CQ WW DX keppinnar. Upplýsingar eru um keppnisár (þegar met var sett), fjölda stiga, QSO, CQ svæði og DXCC einingar/lönd ásamt upplýsingum um viðveru í keppninni (þegar



TF3SA var QRV frá TF3W.



TF3Y var QRV frá TF3W.

uppgæfið er af þátttakanda). Allar TF stöðvar á CW eru einmenningsstöðvar nema TF3W, TF3IRA og TF4X sem eru fleirmenningsstöðvar.

Elsta metið hefur staðið í 37 ár, eða frá 1981 þegar Yngvi Harðarson, TF3YH (nú TF3Y) keppti í einmenningsflokki á 10 metrum, háafli. Heildarfjöldi punkta var 366.757. Þessi niðurstaða tryggði honum 12. sætið í Evrópu og 24. sæti yfir heiminn.

Yngsta metið (reyndar þrjú) eru frá árinu 2015:



TF3DC

var QRV frá TF3W



OH4NRC

var QRV frá TF3WW



TF3EO

var QRV frá TF3W



TF3GB

var QRV frá TF3IRA




TF3KX

var QRV frá TF3W



TF3UA

var QRV frá TF3W



Stöplaritíð sýnir fjölda innsendra keppnisdagbóka TF stöðva í morshluta keppinnar lt tímabilið 1948-2017. Rauðlituðu tölurnar við valda stöpla sýna fjölda innsendra dagbóka viðkomandi ár. Dæmi: 1949 = 7 dagbækur og 2014 = 10 dagbækur. Heimild: CQ tímaritíð.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, tók þátt á í einmenningsflokki á öllum böndum, háafli, aðstoð sem TF2CW frá TF2LL. Heildarfjöldi punkta var 4.695.432. Þessi niðurstaða tryggði honum *16. sæti* í Evrópu og *43. sæti* yfir heiminn, ásamt bestum árangri á CQ svæði 40.

Guðmundur Sveinsson, TF3SG, tók þátt í einmenningsflokki á 80 metrum, háafli, aðstoð. Heildarfjöldi punkta var 151.156 punktar. Þessi niðurstaða tryggði honum *24. sæti* í Evrópu og *28. sæti* yfir heiminn, ásamt bestum árangri á CQ svæði 40.

Þeir TF3DC, TF3EO, TF3KX, TF3SA, TF3UA og TF3Y kepptu frá TF3W 2015 í morsi í fleirmenningsflokki, háafli, 1 sendir. Heildarfjöldi punkta var 3.250.176. Þessi niðurstaða tryggði þeim *41. sætið* í Evrópu og *80. sætið* yfir heiminn, ásamt bestum árangri á CQ svæði 40.

3.2 Evrópumet og met á CQ svæði 40.

Engin íslensk stöð náði heimsmeti í CW hluta keppninnar 1948-2017. Hins vegar náði Sigurður R. Jakobsson *1. sæti* yfir Evrópu árið 2013 og *8. sæti* yfir

Tafla 2. Bestur árangur TF stöðva eftir keppnisflokkum í morshluta CQ WW DX keppninnar – til 2017

Keppnisflokkur	Ár	Kallmerki	Árangur (stig)	QSO (fjöldi)	Svæði (fjöldi)	DXCC (fjöldi)	Skýringar
10M – Einm.flokkur – háafli	1981	TF3YH	366.757	1.722	23	74	n/a
10M – Einm.flokkur – lágafl	2011	TF2JB*	76.194	663	17	66	(9,6 klst)
10M – Einm.flokkur – lágafl, aðstoð	2013	TF3DC*	42.795	156	25	110	(18,0 klst)
10M – Einm.flokkur – QRP	2001	TF3MA*	1.344	24	13	19	n/a
15M – Einm.flokkur – háafli	2013	TF3CW*	883.040	2.823	33	127	(25,2 klst)
15M – Einm.flokkur – lágafl, aðstoð	2011	TF3AO*	7.650	83	10	40	(3,4 klst)
15M – Einm.flokkur – QRP	2002	TF3MA*	12.480	125	17	48	n/a
20M – Einm.flokkur – háafli	2011	TF3CW*	882.444	3.158	35	116	(27,8 klst)
20M – Einm.flokkur – háafli, aðstoð	2012	TF2CW*	1.012.662	3.010	38	124	(33,4 klst)
20M – Einm.flokkur – lágafl	2011	TF3HP*	3.800	78	9	29	(3,9 klst)
40M – Einm.flokkur – háafli	2008	TF3CW*	288.672	1.592	27	97	(21,7 klst)
40M – Einm.flokkur – háafli, aðstoð	2010	TF3CW	734.880	2.737	38	122	(30,9 klst)
80M – Einm.flokkur – háafli	2014	TF3SG*	67.032	625	13	63	(13,5 klst)
80M – Einm.flokkur – háafli, aðstoð	2015	TF3SG*	151.156	927	21	85	(26,6 klst)
80M – Einm.flokkur – lágafl	2008	TF2JB*	14.416	243	9	44	n/a
160M – Einm.flokkur – háafli	1995	TF3EJ*	34.684	427	11	41	n/a
160M – Einm.flokkur – háafli, aðst.	2010	TF4M*	31.302	197	21	73	(9 klst)
160M – Einm.flokkur – lágafl, aðst.	2015	TF3EO*	96	9	3	9	(2,9 klst)
Öll bönd – Einm.fl. – háafli	1988	TF3WW	3.606.304	4.102	105	311	Op. OH4NRC
Öll bönd – Einm.fl. – háafli, aðstoð	2015	TF2CW*	4.695.432	3.719	124	408	(39,7 klst)
Öll bönd – Einm.fl. – lágafl	2003	TF3GB	1.010.757	2.131	66	215	n/a
Öll bönd – Einm.fl. – lágafl, aðstoð	2014	TF3DC*	360.060	491	81	272	(25,3 klst)
Öll bönd – Einm.fl. lágafl, "rookie"	2013	TF3EO	44.387	244	32	87	(19,8 klst)
Öll bönd – Fleirm.fl., "multi-multi"	1997	TF3IRA*	10.358.889	10.210	134	445	Ops.: TF3GB... ¹
Öll bönd – Fleirm.fl., „multi-two“	2012	TF4X*	8.344.464	7.552	132	529	Ops.: TF3Y... ²
Öll bönd – Fleirm.fl., „multi 1 high“	2015	TF3W*	3.250.176	3.208	114	398	Ops.: TF3Y... ³

Einm.fl. = Einmenningsflokkur. Fleirm.fl. = Fleirmenningsflokkur.

* Stjarna aftan við kallmerki merkir að viðkomandi er jafnframt með bestan árangur á CQ svæði 40.

1 Auk TF3GB voru ops: N4GN, N6HR, OH1EB, OH1RX, OH2BH og OH2TA.

2 Auk TF3Y voru ops: TF3DC, G3SWH, N3ZZ, UA3AB og WA6O.

3 Auk TF3Y voru ops: TF3DC, TF3EO, TF3KX, TF3SA og TF3UA.

heiminn, ásamt því að eiga bestan árangur á CQ svæði 40. Hann keppti í einmenningsflokki, 15 metrum, háafl. Heildarfjöldi punkta var 883.040.

Sigurður náði 2. sæti yfir Evrópu árið 2012 og 3. sæti yfir heiminn, ásamt því að eiga bestan árangur á CQ svæði 40. Hann keppti þá sem TF2CW (frá TF2LL) í einmenningsflokki, 20 metrum, háafl. Heildarfjöldi punkta var 1.012.662.

Erkki J. Korhonen, OH4NRC náði 2. sæti yfir Evrópu árið 1988 og 22. sæti yfir heiminn. Hann keppti þá sem TF3WW í einmenningsflokki, 20 metrum, öllum böndum, háafl. Heildarfjöldi punkta var 3.606.304.

Fleiri TF kallmerki hafa náð góðum árangri í CW hluta keppinnar þótt ekki hafi verið í 1.-3. sætunum, sbr. eftirtalin kallmerki.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, tók þátt í CW hluta keppinnar árið 2011 í einmenningsflokki, 20 metrum, háafl. Heildarfjöldi stiga var 882.444. Þessi árangur tryggði honum 4. sæti yfir Evrópu og 17. sæti yfir heiminn.

Bjarni Sverrisson, TF3GB ásamt OH1EB, OH1RX, OH2BH, OH2TA, N6GR og N6HR, tók þátt í CW keppninni 2007 frá TF3IRA. Þeir kepptu í fleirmenningsflokki; margir sendar, öll bönd, háafl. Heildarfjöldi stiga var 10.358.889. Þessi árangur tryggði þeim 6. sæti í Evrópu, 33. sæti yfir heiminn, og bestan árangur á CQ svæði 40.

Óskar Sverrisson, TF3DC og Yngvi Harðarson, TF3Y, ásamt G3SWH, N3ZZ, UA3AB og WA6O tóku þátt í CW keppninni 2012 frá TF4X. Þeir kepptu í fleirmenningsflokki, 2 sendar, háafl. Heildarfjöldi stiga var 8.344.464. Þessi árangur tryggði þeim 15.

sæti í Evrópu, 26. sæti yfir heiminn og bestan árangur á CQ svæði 40.

4. Að lokum

CQ World Wide DX keppnirnar eru með elstu alþjóðlegum keppnum í amatörheiminum og hafa notið virðingar og vinsælda í gegnum tíðina. Þegar þetta yfirlit var sett saman var ánægjulegt að fá staðfest, að íslenskir leyfishafar voru vissulega með allt frá byrjun, árið 1948.

Einn íslenskur leyfishafi er fremstur meðal jafningja þegar CQ World Wide er til umfjöllunar. Það er Sigurður R. Jakobsson, TF3CW. Hann tók þátt í sinni fyrstu CQ WW keppni árið 1977. Frábær árangur hans í CQ WW á 40 ára tímabili hefur verið okkur hinum hvatning til dæða.

Á þessum 70 árum keppinnar, hefur Sigurður, einn íslenskra leyfishafa náð þeim frábæra árangri að setja bæði *Evrópumet* og met yfir *heiminn* í sínum keppnisflokki. Það var í SSB hluta keppinnar 1988. Þá keppti hann í einmenningsflokki, háafl, á 20 metrum. Heildarfjöldi punkta var 1.791.840; QSO 4.107; CQ svæði 34; og DXCC 126. Þetta glæsilega met Sigurðar hefur staðið óhreyft í 30 ár. Þess má geta, að hann á að auki silfurverðlaun yfir heiminn, gull og fern silfurverðlaun yfir Evrópu, auk tvennra bronsverðlauna í þessum hluta keppinnar. Í morshlutanum, náði TF3CW 1. sæti yfir Evrópu árið 2013. Árið á undan (2012) náði hann, 2. sæti yfir Evrópu og 3. sæti yfir heiminn.

Gaman væri að sjá sem flest íslensk kallmerki í CQ World Wide DX keppninni á 70 ára afmælisárinu. SSB hlutinn fer fram 27.-28. október n.k. og CW hlutinn 24.-25. nóvember n.k.

11 keppnir á vegum CQ tímaritsins

CQ tímaritið gengst alls fyrir 11 alþjóðlegum keppnum á meðal radióamatöra. Þær eru haldnar á HF og VHF, morsi, tali og RTTY.

- CQ WW 160 Meter DX Contest, CW (síðasta helgi í janúar).
- CQ WW RTTY WPX Contest (2. helgi í febrúar).
- CQ WW 160 Meter DX Contest, SSB (síðasta helgi í febrúar).
- CQ WW WPX Contest, SSB (síðasta helgi í mars).
- CQ WW Foxhunting Weekend Contest (2. eða 3. helgi í maí).
- CQ WW WPX Contest, CW (síðasta helgi í maí).
- CQ WW VHF Contest (3. helgi í júlí).
- CQ WW RTTY DX Contest (4. helgi í september).
- CQ WW DX Contest, SSB (síðasta helgi í október).
- CQ WW DX Contest, CW (síðasta helgi í nóvember).
- CQ DX Marathon (janúar-desember, allt árið).





Delta lykkjan virkar

Jónas Bjarnason, TF3JB

Inngangur


Það er mismunandi hvernig aðstæður eru hjá radióamatörum hvað varðar möguleika til uppsetningar á loftnetum. Um tveggja áratuga skeið var sá sem þetta ritar búsettur úti á landi þar sem aðstæður voru fyrir hendi til að prófa mismunandi loftnet. Framan af tímabilinu var ég þó ekki virkur, en fékk áhugann á ný árið 2007. Ég byrjaði á að kaupa tilbúið loftnet frá Buckmaster. Það var 300W útgáfa af svokallaðri OCF gerð (e. *off center fed*), dípóll fyrir 6, 10, 12, 17, 20, 40 og 80 metra. Heildarlengd: 41 metri sem skiptist í 14 metra annarsvegar og 27 metra hinsvegar. Loftnetið var fætt með balun 6:1 og 50 kóax. Ekki vantar, að loftnetið var vandað á að líta, 4 mm² marg-



Buckmaster 7 banda 300W OCF dípóllinn er óneitanlega sterklegur.

þættur vír með góðri plasteinangrun og vel gengið frá spenninum. Þetta loftnet var notað hjá TF2JB fram eftir sumri 2007. Í raun virkaði það jafn illa á öllum böndum nema á 40 metrum þar sem það reyndist sæmilega. Um nokkurra vikna skeið var reynt að fá það til að „virka“ með því að prófa hina ýmsu uppsetningarmöguleika, en án árangurs.

Þegar útséð var með að Buckmaster loftnetið myndi henta, gafst ég ekki upp heldur pantaði annan dípól, merktur „Windom Antenna“, fyrir sömu bönd og sá fyrrnefndi hafði, nema án 6 metra. Mig var nefnilega farið að gruna að fyrra loftnetið hefði gallaðan spennni...eða að ég hefði skemmt hann þegar ég freistaðist til að kalla á ZB2FK á 30 metrum eitt kvöldið



„Windom Antenna“ loftnetið er 6 banda og gert fyrir 200W.



Fjarskiptaaðstaða TF2JB 2007. Stöðin er Yaesu FT-100 fyrir HF+6M og 2M+70cm (í láni frá TF1JI). Yaesu FC-707 lofnetsaðlögunarrásin er undir klukkunni. Viðtækið er Yaesu FRG-8800 ásamt Yaesu FRT-7700 lofnetsaðlögunarrás milli stöðvar og aflgjafa. Aflgjafinn er Yaesu FP-757HD með innbyggðum hátalara. Morslyklarnir eru ETM-4C frá H. Samson og M.P. Pedersen.

(enda vantaði mig þá Gíbraltar...) – og hafði QSO, en fékk bara „RST 339“. Buckmaster leiðbeiningarnar vara nefnilega sérstaklega við því að reyna að nota 30 metrana á þeirra loftneti (því þá geti maður átt á hættu á að skemma netið). Windom loftnetið var í svipuðum hlutföllum, með heildarlengdina 42 metrar nema að það var gert fyrir 200W sem var í góðu lagi, þar sem enginn var magnarinn. Ég ætla ekki að reyna að lýsa vonbrigðunum eftir uppsetningu „nýja“ netsins þegar prófað var á tilgreindum böndum og standbylgja og útkoma var síst betri heldur en á fyrrnefnda loftnetinu.

Næsta fimmtudagskvöld í kaffisþjalli í Skeljanesi, stakk TF3G upp á að ég prófaði Delta lykkju, sem hann sagðist hafa góða reynslu af og mælti með uppskrift frá TF3Y, þar sem lykkjan er fædd rúmlega 1 metra upp á legginn (miðað við loftnet á 20 metrunum), þegar nota á lóðréttu útgeislun. Gísli minnti mig jafnframt á, að við hefðum notað slíkt loftnet á 40 metrum í TF6M leiðangrinum um árið, sem hafi komið mjög vel út. Ég fór því í KB í Borgarnesi (heitir í dag Húsasmiðjan) daginn eftir og keypti hönk af margþættum 2,5 mm² rafmangsvír og rúllu af svokallaðri „múraralínu“ til að nota sem stagefni. Aðstæður til uppsetningar voru ágæt, um 5 metra hátt vatnsrör

sem var fest í húsvegg við þakbrún og nægt land í kring til að festa niður stög.

Strax næsta laugardag var lykkjan búin til – reyndar ekki samkvæmt uppskrift TF3Y, heldur eftir uppskrift F5RRS, en Damien var á þessum tíma með myljandi gott merki á böndunum í Borgarfirði og mig langaði til að prófa hans „uppskrift“ að netinu. Ég skar lengdina fyrir morshluta 20 metranna og fæddi í annað neðra hornið til að fá lóðréttu útgeislun. Notaður var $\frac{1}{4}$ línuspennir (heimatilbúinn úr 75 kóax) og tengdi þar við 50 kóax. Allt gekk vel og nokkru síðar skrúfaði ég PL-259 loftnetstengið með titrandi hendi í sambyggða standbylgju-/aflmælinn og stillti stöðina á 20 metrana. Standbylgja var góð og rúmlega 100 kHz bandbreidd (innan standbylgju 1,8). Það sem gerðist síðan fannst mér næsta ótrúlegt, því þegar ég stillti yfir bandið og hlustaði rann upp fyrir mér að ég var loksins kominn með loftnet þar sem 20 metrarnir virkuðu „eðlilegir“. Það sem eftir var laugardags og allan sunnudaginn var ég meira og minna í DX og gaf mér vart tíma til að grípa kaffibolla eða brauðsneið. Teningunum var kastað og engar „patent“ OCF eða Windom lausnir yrðu framar notaðar í loftnetamálum hjá TF2JB. Og við það var staðið.



Gott er að vanda vel fæðingu Deltunnar (eins og á öðrum loftnetum). Hér er sýndur frágangur á kapli í loftnet áður en tenging er vatnsvarin. Appelsínugula „múraralínur“ er notuð í stög og bundin um miðjan næloneinangrarrann til að ekki reyni á tengipunktinn. Þessar múraralínur eru einnig fáanlegar í hvítum lit sem eru minna áberandi en þær vilja hins vegar fjúna á ótrúlega skömmum tíma.

Delta lykkjan, almennt

Einhverjir muna eflaust eftir grein PAØGMW um Delta lykkjur sem birtist í 1. tbl. CQ TF 1976 í ágætri þýðingu TF3KB. Þar segir Paul m.a. frá sinni reynslu af Deltum á 80 metra bandinu. Hann segir: „Delta lykkjan er loftnet með lágt útgeislunarhorn, en slíkt



Fjarskiptaaðstaða TF2JB var uppferð haustið 2007. ICOM IC-756PROIII 100W á HF+6 metrum & ICOM IC-910H 100W á VHF/UHF. Diamond GSV3000 aflgjafi, SoundsSweet hátalari, Palstar SP-30 hátalarar Warfdale Modus hátalarar. Heil PR-40 hljóðnemi með „original“ Heil aukahlutum og Tokyo Hy-power AT-200 loftnetsaðlögunarrás. Morslyklarnir eru ETM 4-C frá Samson og M.P. Pedersen.

gefur góða raun í DX. Útgeislunarhorn lóðrétt pólaðrar bylgju er um 25°. Hlutfallið milli útgeislunar fram á við og til hliðar er 18 dB fyrir einlykkju- eða tvílykkjunet“.

Deltan er annars heilbylgjuloftnet (líkt og Quad ferningur) og hefur 2dB ávinning umfram hálfbylgju dípól (heldur minni en Quad sem hefur 3dB ávinning). Það sem ætíð hefur viðhaldið áhuga mínum á Deltunni, er eftirfarandi lykilatriði:

- Hve auðveld hún er í uppsetningu, en hún þarf bara einn festipunkt.
- Hve einfalt loftnet hún er og auðveld í eigintíðnistillingu.
- Hve ódýrt er að kaupa efni í loftnetið.
- Hve vel hún kemur út í DX; og
- Hve vel hún kemur út, tiltölulega lágt yfir jörðu.

Deltan hefur í raun verið í upphaldi áratugum saman þótt hún hafi vissulega ekki verið ofarlega í huganum þegar TF3G vakti athygli mína á loftnetinu opnunar-kvöldið í Skeljanesi. Undanfarin ár (eftir flutning úr Borgarfirði til Reykjavíkur á ný) hef ég mest gert tilraunir með Deltur í sumarbústaðnum. Landið í kringum hann hefur því oft verið þakið vírum – meira og minna í allar áttir á öllum böndum frá 6 metrum til 80 metra. Þarna hef ég prófað Deltur í öllum mögulegum „stellingum“, þ.e. lóðréttar, hallandi og flatar. Fjölskyldan hefur verið ótrúlega þolinmód gagnvart þessum tilraunum, en á þó til að agnúst út í loftnetin endrum og eins.



Myndin sýnir aðstæður við sumarbústaðinn við Álftavatn. Gestahúsið (til hægri) er notað sem „sjakkur“. Yfir sumarið eru gerðar tilraunir með Deltur og hin ýmsu loftnet í allar áttir, meira að segja út í skóg...enda hafa trén á landareigninni vaxið hratt undanfarnin ár. Í fjarlægð yfir þakburstinni (til vinstri) má sjá glitta í flaggstöngina sem mikið er nýtt í þágu „vísindanna“ hjá TF3JB/1. Myndin var tekin eftir að allur snjór var farinn þann 9. maí 2018.

Í sumarbústaðnum eru til ráðstöfunar nokkur álrör sem ég hef flutt með mér austur. Þau eru mismunandi löng, aðallega 4 og 5 metra. Eitt skiptið þegar ég fór í Byko á Selfossi sá ég til sölu kútsköft í „yfirstærð“; tæpir 2 metrar á lengd við hagstæðu verði. Keypti nokkur á staðnum og þegar kom heim í bústaðinn smellpössuðu þau ofan í álrörin og þar með var hægt að koma Deltunum hærra upp. Auðvelt er að vefja plastlímbandi utan um kútskaftið á tveimur stöðum með ca. 30 cm millibili. Síðan er skaftinu rennt varlega ofan í rörið (haft þröngt) og samskeytin vafin vel með meiru af plastlímbandi. Þetta fyrirkomulag reynist vel og hefur ekkert farið úr skorðum.

Það sem er áhugavert við staðsetningu bústaðarins er að landareignin liggur að hluta niður að Álftavatninu og rís ekki mjög hátt í landinu, á að giska mest 8-10 metra. Þarna háttar svo til að byggt er á hrauni og því trúlega stutt niður á vatn/grunnvatn undir hrauninu sem ábyggilega hjálpar merkjum á stuttbylgjunni sem send eru út frá þessu stað, því DX skilyrði eru góð í allar áttir.


Ekki skaðar náttúrlega að suð og truflanir eru litlar sem engar. Mér er minnisstætt þegar ég kom þarna fyrst með stöð austur og tengdi loftnetið að þá var fyrsta tilfinning sú tækið hlyti að vera loftnetslaust. Undir þessum kringumstæðum er allt önnur upplifun að vinna á böndunum og stundum set ég formagnarann á mesta mögnun (20 dB) að gamni mínu, bara til að vita að allt sé í lagi...

Hvað segja fræðin?

Deltan er þríhyrningur með jafnar hliðar og þrjú horn, 60° hvert. Fæðistaður getur verið á fjóra vegu (sbr. mynd neðar).


- Horn Deltunnar sem snýr upp er rofið og tengt fæðilínu.
- Hlið sem snýr niður er rofin í miðju og tengd fæðilínu.
- Deltan er sett upp þannig að eitt hornið snýr niður og er tengt fæðilínu.
- Hlið sem snýr niður (samsíða jörðu) er rofin í öðru hvoru horninu og tengd fæðilínu.

Fyrirkomulag A, B og C gefur lárétta útgeislun en D gefur lóðrétta útgeislun. Útgeislunarhornið er einnig mismunandi og mismunandi hátt eftir því hvaða staður er valinn til fæðingar eins og fram kemur á mynd W5SDC.



Teiknuðu myndirnar að ofan eru góðar til að glöggva sig á tengimöguleikum Delta lykkjunnar. Myndin er fengin að láni hjá Stephen, W5SDC. Steve vinnur mikið með Delta lykkjur og segir: „You'll love lower noise and relative gain over a dipole's ears“.


Deltan er fræðilega með 90 til 100 sýndarviðnám (sumir segja reyndar 90-120, sem ekki verður farið nánar út í hér). Ef þarf, má vel fæða loftnetið með kóax kapli beint, en þá er ráðlegt að nota balun 1:1. Mér hefur alltaf fundist einfalt að nota aðlögun með



Mynd frá F5RRS sem lýsir vel einfaldri fæðingu Deltunnar þegar notaður er línuspennir úr 75 Ω kóax. Á þessum tíma (2007) gerði Daimien áhugaverðar tilraunir með Deltur. Um tíma var hann t.d. með allar sínar lykkjur hallandi (e. sloping) út frá toppfestingunni. Nánar má lesa um þær á netinu.

¼- línuspenni sem er gerður úr 75 kóax. Við spenninn er svo tengdur 50 kóax. Sumir nota balun 1:4 í fæðipunkti, kannski vegna þess að þeir eiga eitt slíkt í fórum sínum eða að þeim þykir of mikið stúss að útbúa línuspenninn og tengja saman við 50 fæðilínuna. Í öllum tilvikum er áriðandi að ganga vel frá samskeytum því sambandsleysi er slæmt og náttúrlega ekki gott að fá raka/regnvatn í samskeytin.

Þegar fæðistaður á Deltu er valinn til að fá lárétta útgeislun þá heyrir maður að bandið verður hljóðlátara í hlustun. Til skýringar er, að suð og truflanir eru yfirleitt lóðrétt pólaðar. Delta, með fæðistað sem er valinn til að gefa lóðrétt pólaða útgeislun, sendir merkið hins vegar undir lægra horni sem skilar sér í betri DX yfir lengri vegalengdir, í átt að sjóndeildarhring. Delta sem gefur lárétt pólað merki ætti á hinn bóginn að skila betra merki á millivegalengdum.



PAØGMW var QRV nánast á hverju kvöldi á 80 metrunum um árabil frá 1974 fram yfir 1980. Hann var iðulega með gott merki á Íslandi enda TF mitt á milli Evrópu og Bandaríkjanna; en Paul sagðist beina merki sínu til vesturstrandarinnar (W6 og W7). Tugir íslenskra leyfishafa höfðu QSO við Paul á þessum tíma.

Einsbands Delta fyrir 20 metrana kemur líka ágætlega út á 10 metra bandinu (önnur yfirsveifla) en við því er að búast að útgeislunarhorn verði hærra. Þegar ég bjó í Borgarfirðinum gat ég þannig notað 20 metra lykkjuna á 10, 12, 15 og 17 metrum – og með herkjum, á 40 metrunum. „Leyndardómurinn“ við það að komast á önnur bönd var innbyggð loftnetsaðlögunarrásin í Icom 756PROIII stöðinni (keypt haustið 2007). Deltan virkaði náttúrlega ekki jafn skemmtilega á þessum böndum en hún „dugði“ á meðan ekki var öðrum loftnetum til að dreifa. Ég man til dæmis að ég þurfti að vefja fæðilínuna utan um 2L Coca Cola flösku (ca. 8 eða 10 vafninga) vegna þess að án þess fékk ég RF inn á stöðina á 17 metrunum. Einföld lausn og hagkvæm, en gestir furðuðu sig stundum á þessari tömu kókflösku sem var búin að vera lengi á gólfinu við einn borðfótinn.

Uppskriftin og reynslan

Formúlan fyrir lengd vírs í Deltu er 286/tíðni. Fyrir tíðnina 14.025 MHz (fyrir mors á 20 metrum) er heildarvírlengd 20,4 metrar. Þegar Delta er sett upp fyrir lóðréttu útgeislun er mælt með að tengja skerminguna í kóaxinum í grunnlínuna (þ.e. þá hlið sem er samsíða jörðu).

Fræðilega séð á gildari vír að auka bandbreidd og virka til styttingar á lengd loftnetsins. Það er mín reynsla, að mismunandi sverleiki vírs hafi óveruleg áhrif. Ég hef t.d. búið til Deltur úr grönnum vír (bjölluvír) og allt upp í 4 mm² margþættan rafmagnsvír en ekki fundið marktækan mun. Til skýringar kann þó að vera t.d. nálægð loftnets við byggingar, tré o.fl. Ég vil þó geta þess að ég hef ekki skoðað þennan þátt mikið og alls ekki á lægri böndunum þar sem þetta kann að muna mestu. Aðalatriðið er, að vírinn sé það sterkur að hann slitni ekki í fyrsta roki.

Ég gat þess að framan að TF3Y hefur notað uppskrift þar sem fæðistaður er valinn uppi á legg Deltunnar (m.v. lóðréttu útgeislun). Hann og fleiri leyfishafar hafa gert tilraunir með að færa til fæðistað loftnetsins til að fá sýndarviðnámið sem næst 50 fæðilínunnar. Í grein PAØGMW er einmitt uppskrift til að fá „rétt“ sýndarviðnám í fæðipunkti með því að breyta lengdum Deltunnar. Uppskrift Paul fyrir 80 metrana er 35 metra löng grunnlína (hlið samsíða jörðu) og efri vírarnir 22,75 metrar (hvor). Með þessu móti fær hann 40° horn niðri (í stað 60°) og við það breytist sýndarviðnámið á fæðistað í 50 .

Deltan er það sem stundum hefur verið kallað góður „útgeislari“. Í sjálfu sér liggur það nokkuð í eðli loftnetsins sem heilbylgjuloftnets (þ.e. út frá spennu- og straumdreifingu). Hún er jafnframt stefnuvirk en uppgefinn ávinningur loftnets miðast við bestu stefnu þess. Margt getur þó haft áhrif á ávinninginn, t.d. nálægð við jörð og aðliggjandi byggingar. Það er mín reynsla, að gera megir ráð fyrir allt að 180° útgeislunarbreydd merkis.

Delta lykkjur eru nú sem áður töluvert til umfjöllunar í tímaritum og bókum fyrir radíóamatöra, sem og á netinu. Hér hefur aðeins verið fjallað um einsbands Delta lykkjur, en þær eru til í mörgum útgáfum, margra banda og í mörgum stærðum. Netið er fjársjóður í þessum efnum hafi menn áhuga að kynna sér málið frekar.



Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2018/19

Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður

Á fundi í stjórn ÍRA þann 2. maí 2018 var samþykkt starfsáætlun fyrir starfsárið 2018/19. Það er í samræmi við ákvæði í 9. gr. laga félagsins, en þar segir m.a. að varaformaður sinni starfsáætlun og framkvæmd hennar. Áætlunin er eftirfarandi:

1. Rekstur.

Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundum samkvæmt áætlun sem samþykkt var á fyrsta fundi stjórnar, þ.e. um það bil mánaðarlega og birta fundargerðir á heimasíðunni, á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi og í CQ TF. Samþykkt að hefja útgáfu félagsblaðsins CQ TF á ný, en það hefur ekki komið út síðustu fimm ár.

2. Samskipti.

Jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðila í nærumhverfinu sem og í fjærumhverfinu eru ÍRA nauðsynleg. Miðað er við að einn stjórnarmaður í það minnsta verði ætíð til staðar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi til að auðvelda félagsmönnum samskipti við stjórn. Lögð verður áhersla á fagleg og jákvæð samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun. M.a. verði stefnt að árlegum samráðsfundum á milli aðila. Einnig við IARU og NRAU.

3. Félagsaðstaðan.

Félagsaðstaðan og rekstur hennar er þungamiðjan í starfi félagsins, þ.e. samkomusalur, fjarskiptaherbergi, kortastofa og (vísir að) smíðaaðstöðu ásamt geymsluherbergi í kjallara. Almenn opnunarkvöld eru á fimmtudögum frá kl. 20 en til greina kemur að staðið verði fyrir viðburðum á öðrum tímum sem þá verða auglýstir sérstaklega. Áfram verður lögð áhersla á gott samstarf við aðra sem hafa aðstöðu í húsinu.

4. Félagsstöðin TF3IRA.

Markmiðið hefur verið að félagsstöðin sé þannig búin að hún geti svarað þörfum félagsins með að hægt sé að stunda fjarskipti á sem flestum tíðnisviðum radióamatöra og útgeislunartegundum. Lengi má vinna að endurbótum og viðhaldi en einnig þarf að huga að skipulagi, flækjustigi við notkun og aðgengi. Stuðlað verður að þátttöku í helstu alþjóðlegum keppnum og leikum og að félagsstöðin sé opin og virk á opnunarkvöldum. Stefnumótun um málefni stöðvarinnar er nauðsynleg. Hana mætti t.d. vinna með hliðsjón af

tillögu að samþykkt um TF3IRA sem fyrst var kynnt í stjórn félagsins árið 2011, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

5. Vetrardagskrá 2018/19.

Fyrri hluti vetrardagskrár verður í boði í október/desember 2018 (til kynningar í 3. tbl. CQ TF 2018) og síðari hluti í janúar/mars 2019 (til kynningar í 1. tbl. CQ TF 2019). Viðburðir verða síðan jafnóðum til kynningar á heimasíðu félagsins og öðrum miðlum (á vettvangi áhugamálsins). Athugað verði með viðburði í boði á laugardögum og sunnudögum um sértæk málefni.

6. Miðlar.

Útgáfa CQ TF verður endurvakin á stafrænu formi á heimasíðu félagsins og miðað við að gefin verði út fjögur blöð á starfsárinu. Heimasíðan og samfélagsmiðlar verða áfram nýttir til upplýsingamiðlunar og samskipta við félagsmenn. Ennfremur verður nýr Póstlisti ÍRA, irapostur@groups.io opinn til samskipta fyrir félaga.

7. Námskeið.

Námskeiðahald til amatörprófs hefur ávallt tilheyrð kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við prófnefnd félagsins, TF3PW umsjónarmann námskeiða, og Póst- og fjarskiptastofnun. Næsta námskeið er fyrirhugað haustið 2018. Móta þarf stefnu um námskeiðahald, þ.m.t. uppfærslu námsefnis svo og um helstu markhópa þegar auglýst eru námskeið á vegum félagsins.

8. Endurvarpar / stafvarpar / radióvitar.

ÍRA mun áfram styðja uppbyggingu og viðhald endurvarpa í samráði við VHF stjóra félagsins og vaxandi hóp félagsmanna með áhuga á því sviði. Stafvarpi félagsins verður áfram rekin í Skeljanesi og aðkoma félagsins að radióvitum TF3ML á 2M, 4M og 6M verður til skoðunar.

9. Tíðnimál og önnur réttindi radióamatöra.

Stjórn ÍRA mun huga að núverandi réttindum okkar og verndun þeirra, auk þess að sækja um rýmri tíðnisvið og aukið afl í góðri samvinnu við stjórnvöld. Helstu markmið eru rýmri tíðniheimildir á 70 MHz og aukið afl á 50 MHz til samræmis við nágrannalönd.



Fræðsluhorn ÍRA: „QSL kort“

Jónas Bjarnason, TF3JB

Það hafa lengi verið óskráð lög hjá radióamatörum að QSO skuli staðfest með QSL korti, biðji annar hvor aðilinn um það. Það geta síðan verið ótal ástæður að baki því að farið er fram á kort, en oftast eru TF stöðvar beðnar um QSL vegna þess að TF forskeytið er tiltölulega sjaldgæft í loftinu. Síðan liggur það til grundvallar að sambandi sé í raun ekki lokið fyrr heldur en kort hefur verið frágengið.

Mikilvægt er að QSL kort sé þannig úr garði gert að lágmarksupplýsingar komi fram sem gera það gilt fyrir hinn aðilann – til þeirra nota, sem hann kys. Margir safna kortum frá hverju nýju landi sem þeir ná að hafa samband við, á meðan aðrir nota það til að sækja um viðurkenningar af ýmsu tagi. Þriðji hópurinn nýtir svo kortin til hvoru tveggja.

QSL kort staðfestir að QSO hafi farið fram á milli tveggja leyfishafa á tilteknu tíðnisviði radióamatöra og að skipst hafi verið á lágmarksupplýsingum.¹ Staðfesting á forprentuðu pappírskorti er algengust, en handskrifuð staðfesting er að öllu leyti jafn réthá, sem og staðfesting á rafrænu formi. Í þessari umfjöllun verður einkum fjallað um QSL kort sem sett eru upp og prentað á pappír.



Mynd af tveimur QSL kortum félagsins fyrir kallmerkin TF3IRA og TF3W sem eru prentuð hjá UX5UO. Ljósmynd: TF3JB.

Sögulega séð, greinir menn á um hvenær radióamatörar hafi fyrst byrjað að senda QSL kort. Elsta þekkta QSL kortið er frá 1916 en fyrstur til að staðla upplýsingar á kortunum mun hafa verið 8UX í Ohio í Bandaríkjunum, árið 1919. Evrópumenn voru seinna á ferðinni, en 2UV á Englandi mun hafa verið fyrstur til að nota QSL kort í álfunni árið 1922.²

QSL kort eru margskonar

QSL kort radióamatöra eru margs konar. Einföldustu kortin eru prentuð öðru megin í einum lit (eða fleirum). Einnig er algengt að prentað sé beggja vegna og gjarnan í lit (a.m.k. öðru megin), en prentkostnaður hefur farið lækkandi hin síðari ár. Sérstaklega hafa prentsmiðjur í Búlgaríu, Úkraínu og fleiri löndum verið samkeppnishæfar í verði.

A.m.k. einn leyfishafi hér á landi hefur aðstoðað íslenska radióamatöra við að panta kort erlendis frá, m.a. fyrir kallmerki félagsins. Það er Sæli, TF3AO, og koma kortin frá Gennady, UX5UO í Úkraínu.

Að setja upp einfalt QSL kort

(a) Lágmarksupplýsingar

Einfaldast er að setja upp kort þegar upplýsingar eru prentaðar öðru megin. Eftirfarandi eru lágmarksupplýsingar sem þurfa að koma fram:

Nafn landsins: ICELAND eða REPUBLIC OF ICELAND.

Kallmerki: TF3JB.

Nafn leyfishafa: JÓNAS BJARNASON.

Póstfang og QTH: ÁLAND 3, 108 REYKJAVÍK, ICELAND.

Kallmerki stöðvar sem samband var haft við: STATION.

Dagsetning; dagur/mánuður/ár: DAY/MONTH/YEAR.

Tímasetning (yfirléitt skráð við upphaf sambands): GMT eða UTC.

Tíðnisvið: QRG, MHZ, KHZ eða BAND.

RS(T) „R=læsileiki, S=styrkur, T=tónn“ eða dB: REPORT eða RPRT.

Tegund útgeislunar/mótun: MODE.

Koma þarf fram: CONFIRMING TWO-WAY QSO WITH STATION...

Því má einnig tvískipta: CONFIRMING QSO WITH STATION...

¹ Það er, kallmerkjum og RS(T) eða dB.

² Heimild: https://en.wikipedia.org/wiki/QSL_card

Republic of Iceland

TF3JB

Jónas Bjarnason
Áland 3
108 Reykjavík
Iceland

QSL [] pse [] tnx
TF-IRA QSL Bureau
P.O. Box 1058
121 Reykjavík

ITU zone 17, CQ zone 40, Grid Sq. HP94bc, IOTA EU-021, E-mail: jonas.bjarnason.hag@gmail.com, Confirming QSO with station:

STATION	Day / month / year	GMT	MHz	RPRT	MODE
					Two way

73 de

Dæmi um einfalt QSL kort sem er sett upp á heimilistölvu í WORD forriti. Þessi uppsetning var valin með það í huga að það væri fljótlegt og þægilegt að handskrifa lágmarksupplýsingar inn á kortið.

Og þá má setja saman með „mode“: TWO WAY (sjá útfærslu á meðfylgjandi sýnishorni).

Eftirfarandi upplýsingar er mjög til þæginda að setja ennfremur inn á kortið. Þá kemur greinilega fram hvort óskað er eftir að fá kort eða þakkað er fyrir mótttekið kort:

QSL [] pse [] tnx
TF-IRA QSL Bureau
P.O. Box 1058
121 Reykjavík

(b) Nokkur atriði enn

Loks eru nokkur atriði til viðbótar sem mælt er með að setja inn á kortið. Það eru:

ITU Zone 17.
CQ Zone 40.
IOTA númer.³
Grid square: HP..⁴
73 de

Mælt er með að nota efnisatriðin sem kynnt eru að framan til innsetningar á nýtt QSL kort, en að sjálf-sögðu má víkja frá þeirri uppsetningu sem sýnd er á korti greinarhöfundar og hér er notuð sem sýnishorn. Þar er gert ráð fyrir þægilegu rými til að skrifa inn upplýsingar um eitt samband, en í raun er nægjanlegt pláss fyrir tvö og jafnvel þrjú QSO (ef skrifað er smátt). Hafa ber í huga að þessi uppsetning miðast við lágmarksupplýsingar. Algengt er að leyfishafar skrái þar umfram, upplýsingar um stöðvar, loftnet og jafn-vel um önnur áhugamál. Sumir birta jafnvel ljósmynd af sjálfum sér.

Stærð, pappír og prentun

Algengasta stærð á QSL kortum í dag er 90x140 mm og er mælt með að fylgja þeim staðli. Eldri staðall var 100x150 mm og slík kort berast enn, einkum frá Þýskalandi og Japan. Að öllum líkindum eru menn þó að klára eldri birgðir því mjög hefur dregið úr korta-sendingum í þeirri stærð undanfarin ár.

Radióamatörar velja að nota mjög mismunandi pappír enda úrval kannski mismikið og háð því hvar menn búa. Margir miða þó við 160-200 gramma pappír. Hafa þarf í huga að pappír er á mismunandi verði og stendur misvel „undir sér“ ef þannig má að orði komast. Ennfremur er hann mishvítur (ef það þykir skipta máli). Þetta þarf allt saman að taka með í reikninginn þegar pappír er valinn. Sérstaklega þarf að gæta þess að velja síður mynstraðan pappír (heldur með sléttu yfirborði) vegna þess að það getur bæði verið erfitt að handskrifa á hann og erfitt að prenta á hann í tölvuprentara. Þá má pappír heldur ekki vera plasthúðaður eða of „glittaður“ af sömu ástæðum.

Sum dagbókar- og keppnisforrit bjóða í dag upp á tengingu við prentara til að útprentunar á QSL kortum. Þá er ekkert nema að skrifa nafnið sitt undir, samanber meðfylgjandi QSL kort frá JH8TFZ. Mælt er með að menn velji að prenta *beint* á kortið fremur en á límmiða, sem síðan er límdur á kortið. Ekkert er

TO RADIO

ONQUE-PRINT

NO. _____

TF3JB

Confirming Our QSO.

DAY	MONTH	YEAR	IST/UTC	MHz	RST	2WAY
14	09	'16	1751	10	599	CW

RIG YAESU FT1021X OUTPUT 200 W

ANT 3ELE YAGI 25 mH

RMKS Confirming Our QSO Dear Jonas

TNX FB QSO. PSE QSL ~~TNX~~

OP. JH8TFZ SYUNICHI YOKOYAMA
GTH. 1609 FUMI YUBETSU-CHO MONBETSU-GUN
HOKKAIDO 099-6505 JAPAN

POST CARD

3 Flestir leyfishafar nota EU-021, en EU-071 er fyrir þá sem eru með QTH í Vestmannaeyjum (eða nærliggjandi eyjum) og EU-168 er síðan fyrir allar aðrar eyjar umhverfis landið.

4 Hnit/staðarreitir (e. Grid Square) eru mismunandi eftir QTH hvers og eins.

út af fyrir sig athugavert við að nota límmiða – en límmiðar sem henta (þ.e. sem tolla) eru frekar dýrir sem er allt í lagi þegar ekki eru mikil umsvif, en verður fljótt kostnaðarsamt þegar skrifa þarf út eitt-hvert magn af kortum. Velji menn hins vegar að nota límmiða, er atriði að gleyma ekki að láta kallmerki þess sem gefur út QSL kortið koma fram á miðanum. Það er einkum mikilvægt þegar límmiðar eru settir á bakhlið korts ef þar sem ekki er áprentað kallmerki (eins og á framhlið).

Þegar kemur að notkun

Ekki er mælt með að senda QSL kort fyrir öll sambönd sem eru höfð, fyrirfram, heldur *einungis* fyrir þau sem maður vill fá kort út á. Í annan stað er mælt með að svara *öllum* kortum. Kort sem berast um kortastofu félagsins á að svara á sama hátt. Og kort sem berast beint í pósti, er viðeigandi að svara beint í pósti, enda hafi viðkomandi leyfishafi sent umslag með nafni og heimilisfangi og andvirði burðargjalds. Ef burðargjald vantar er mælt með að svara kortinu um Bureau, enda er hugmyndin með sendingum beint í pósti, að sá sem er beðinn um QSL kort þurfi ekki að bera kostnað af ósk hins.

Það er alltaf hvítleitt þegar maður fær QSL kort sem ekki er hægt að nota. Ástæður geta verið ýmsar, t.d. að skrifað hafi verið óvart „TC3JB“ en síðan er það leiðrétt með því að skrifa „F“ ofan í „C“ bókstafinn. Í sjálfu sér getur slíkt kort verið gilt, ef leyfishafinn skrifar athugasemd á kortið þess efnis að leiðréttingin hafi verið gerð af honum sjálfum (og setur stafina sína við leiðréttinguna). Best er samt að leiðrétta helst *aldrei* QSO upplýsingar á QSL korti – heldur kasta því og skrifa nýtt.



Það er um að gera að vanda sig við að skrifa kortin. Það er reynsla undirritaðs að góður penni skipti öllu. En þegar maður fer að gera af mikið af villum er ágætt að taka sér hvíld...

Fyrir kemur að það berast QSL beiðnir sem ekki finnast í dagbók. Ýmsar ástæður geta valdið því að

kallmerki er ekki „í logg“ eins og sagt er – sem þurfa ekkert að vera óeðlilegar. Þegar gengið hefur verið úr skugga um að ekkert gefur til kynna að samband hafi farið fram, er innkomið kort endursent, hvort heldur sem það barst beint (e. direct) eða um Bureau. Greinarhöfundur notar eftirfarandi texta sem hann prentar út á límmiða og límir yfir kortið (sem er til endursendingar) á áberandi stað þegar svona lagað kemur upp:


RETURN

Very sorry but QSO in question was not found in log.

Kindly look at your records and send again.

73 de Jónas, TF3JB.

Að lokum má nefna, að sumir leyfishafar vísa á aðra radióamatöra þegar kemur að því að óska eftir korti. Ýmsar ástæður geta verið fyrir slíku fyrirkomulagi. Þannig kort má jöfnum höndum senda beint í pósti á tilgreindan leyfishafa sem og um kortastofu félagsins (nema annað sé tekið fram á QRZ.COM). Ætli TF3JB til dæmis að senda eftir korti fyrir samband við DX leiðangurinn sem farinn var til Níger í fyrra (2017), þá yrði kortið fyllt út eðlilega á framhlið – en á bakhlið, uppi í hægra horni, myndi vera skrifað „5U5R via EA5RM“. Í þessu tilviki er spænski leyfishafinn „QSL Manager“ fyrir þetta tiltekna kallmerki.



Myndin er af QSL korti DX leiðangursins til Níger 9.-23. mars 2017. Hópurinn hafði alls 75.327 QSO á CW, SSB, RTTY og JT65 tegund útteislunar. Alls voru tíu leyfishafar í leiðangrinum frá Spáni, Ítalíu, Frakklandi, Kólumbíu og Bandaríkjunum.

Best er að fylgja leiðbeiningum á QRZ.COM um hvernig má nálgast staðfestingu á sambandi við stöðvar af þessu tagi sem og stöðvar sem eru með QTH í sjaldgæfum löndum heims.


Ef spurningar vakna í sambandi við QSL kort má benda á Mathías Hagvaag, TF3MH, QSL Manager TF ÍRA QSL Bureau, sem þekkir þessi mál mjög vel.



Fræðsluhorn ÍRA: „QSL Bureau“

Mathías Hagvaag, TF3MH

Þegar menn hafa lokið prófi og leyfisbréfið er í hendi er gjarnan hugað að smíðum eða kaupum á sendistöð og uppsetningu loftnets. Síðan byrja margir á að setja upp tölvutengt forrit fyrir dagbók stöðvarinnar sem er mjög til þæginda. Um líkt leyti er ágætt að huga að uppsetningu á QSL korti, því fljótlega eftir að farið er í loftið berast beiðnir um staðfestingar, enda TF forskeytið eftirsótt á böndunum.



Um líkt leyti er ágætt að skrá kallmerki og viðeigandi upplýsingar inn á QRZ.COM gagnagrunninn sem og sækja um aðild að rafræna QSL kortagrunninum Logbook of the World (LoTW). Skráning er ókeypis í báðum tilvikum.

Á QRZ eru upplýsingar um flesta radióamatöra í heiminum og á LoTW geta leyfishafar (sem þar eru skráðir) skipst rafrænt á QSL staðfestingum.

Að fá QSO staðfest

Þegar kemur að því að fá QSO staðfest eru nokkrar leiðir í boði:

- Í pósti. Þá er flett upp á kallmerki á QRZ.COM til að fá nafn og heimilisfang.
- Rafrænt á netinu í gegnum aðild að LoTW.
- Um QSL Bureau (stundum líka nefnt kortastofa hér á landi).



Þegar menn eru eitthvað virkir að ráði, t.d. í alþjóðlegum keppnum þar sem höfð eru jafnvel 2-3 þúsund sambönd um eina helgi kemur oft mikið af QSL kortum.

Undir mörgum kringumstæðum getur verið réttlæt看legt að senda eftir QSL korti í flugpósti. Flestir radióamatörar spara það þó sem mest vegna kostnaðarins. Kostnaður við slíkar sendingar til Evrópu er áætlaður 490 krónur og utan Evrópu 650 krónur.¹ Ekki er óalgengt að það taki 4-6 vikur að fá QSL kort með pósti þegar kort eru send beint, manna á milli.

Rafræni grunnurinn LoTW er einfaldur og þægi-legur í notkun og þeim leyfishöfum fjölgar með hverju árinu sem sækja um aðild. Að skiptast á rafrænum staðfestingum er ódýrasta aðferðin til að fá t.d. nýtt DXCC land eða CQ svæði staðfest. Vandinn er bara, að það eru ekki allir radióamatörar sem hafa enn skráð sig á LoTW, þótt þeim fari fjölgandi.

QSL Bureau

Nánast allir radióamatörar sem stunda DX viðskipti nota þjónustu kortastofanna. Svokölluð „Bureau“ eru hluti af þjónustu allra (virkra) landsfélaga radióamatöra um heiminn og var fjöldi kortastofanna 162 talsins þann 1. júní 2018. Kortastofur eru þó ekki reknar í þjóðlöndum þar sem stríðsátök ríkja eða aðrar þær aðstæður sem ekki leyfa rekstur þeirra. Þegar þjónusta kortastofu fellur niður er það þó yfirleitt tímabundið. Í sumum löndum þar sem leyfishafar eru fjölmennir eru rekin fleiri en eitt Bureau, eins og t.d. í Bandaríkjunum, en þar sem þau eru 17 talsins.

Yfirleitt er miðað við að kort séu send á milli leyfishafa sjálfra, en í sumum tilvikum eru radióamatörar með tilgreinda aðila sem sjá um að svara kortum fyrir þá, (t.d. fyrir amatöra sem eru búsettir í löndum þar sem ekki eru reknar kortastofur). Stofurnar taka að sér að koma slíkum kortum til skila, en þá þarf sérstaklega að tilgreina á kortinu kallmerki þess sem kortið á að fara til og annast þjónustuna.

Mjög er mismunandi eftir löndum hve oft stofurnar senda frá sér kort. Slíkt fer einkum eftir umfangi. Sem dæmi, þá sendir kortastofa DARC, sem er stærsta landsfélag radióamatöra í Evrópu kort til Íslands á 2-3 mánaða fresti.

¹ Áætlaður kostnaður vegna sendingar á QSL korti beint til Evrópulanda er áætlaður 490 krónur. Forsendur: Burðargjald í A-pósti, 225 kr., tveir dollarar 200 kr., 2 umslög 50 kr., og prentun eigin korts 15 kr.

TF QSL Bureau

TF QSL Bureau hefur verið í rekstri a.m.k. í 60 ár eða frá árinu 1958. Á þessu tímabili var rekstur stofunnar um tíma í höndum sérstaks QSL félags innan ÍRA. En síðustu hálfa öld eða svo hefur hún verið rekin á vegum félagsins. Reksturinn er reyndar bundinn í lög, en í 24. gr., segir: „Reka skal QSL þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjórn er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort“.



QSL kassi TF ÍRA QSL Bureau í Skeljanesi. Vinstra megin eru QSL skilagreinar og umslög með utanáskrift félagsins. Hægra megin er móttökukassi fyrir kort til útsendingar.

Kortastofan er bæði fyrir útsend og innkomin kort. Gjald er 9,50 krónur á hvert útsent QSL kort – hvert sem er í heiminum. Innkomin kort eru undanþegin gjalddöku. Sérstakur QSL kassi er á 2. hæð í félagsaðstöðunni Skeljanesi með hófum sem eru merkt kallmerkjum félagsmanna. Menn fá merkt sérstakt hólfi með sínu kallmerki strax og kort fara að berast til þeirra.

Vinstra megin við hólfakassann, eru QSL skilagreinar og árituð umslög með utanáskrift félagsins. Hvoru tveggja er ókeypis fyrir félagsmenn. Hægra megin við kassann er tilgreindur móttökukassi fyrir útsend kort. Æskilegt er að menn noti umslögin ef þeir láta greiðslu í peningum fylgja með kortum til útsendingar, þar sem þau má líma aftur. Ekki er óalgengt að það geti tekið hálf til 1½ ár fyrir QSL kort að skila sér um kortastofuna.

Fyrir utan að mæta í Skeljanes, geta félagar líka sent kortastofunni QSL kort til útsendingar í pósti og lagt inn greiðslu á bankareikning stofunnar. Gjald er 9,50 krónur fyrir útsent QSL kort – hvert sem er í heiminum. Stofan býður jafnframt upp á að félagar láti frímerkt umslög til sín liggja hjá QSL stjóra sem hann svo setur í kort eftir því sem þau berast þeim og póstleggur til þeirra þegar tiltekinni þyngd er náð (sem samsvarar verðgildi frímerkis). Þessi þjónusta er vinsæl hjá félagsmönnum úti á landi – en stendur



Greinarhöfundur ásamt Yngva, TF3Y sem veitti tæknilega aðstoð við sameiningar kallmerkja félagsins á LoTW.

öllum til boða, t.d. ef menn eiga erfitt að koma við í Skeljanesi á opnunartíma á fimmtudagskvöldum.

Frágangur korta

Félagsmenn eru beðnir að raða kortum og flokka almennt eftir löndum.

Til Bandaríkjanna, eftir númerum kallsvæða, t.d. K1, W1 A1 saman; N2, W2, K2 saman, o.s.frv. Í kallsvæði 4 eru tvær kortastofur. Þess er farið á leit að flokkun sé eftirfarandi: Kallmerki með 1 staf í forskeyti t.d. K4, N4, W4 séu flokkuð sé og haldið aðgreindum. Í annan stað þarf að flokka kort á kallmerki með tveimur stöfum í forskeyti, t.d. AA4, KA4, NA4 sér og halda þeim aðgreindum.



QSL kort félagsmanna innpökkuð og tilbúin til sendingar út um heiminn. Myndin var tekin 24. janúar 2016 og er dæmigerð fyrir sendingar einu sinni á ári þegar „hreinsað er út“. Á þessu sinni var heildarþungi 36 kg. Yfir árið eru síðan stöðugt send kort til systurfélaganna erlendis þegar ákveðinni vigt er náð. Ljósmynd: Greinarhöfundur.

Kortastofa ÍRA getur ekki tekið við QSL kortum til landa þar sem ekki eru starfræktar kortastofur. Sjá lista á heimasíðu TF ÍRA QSL Bureau yfir þessi lönd eftir forskeytum.

Vefslóð: <http://ira.is/um-qsl-bureau/>

Undirritaður biður félagsmenn um að hika ekki við að hafa samband ef spurningar vakna um atriði sem varða kortastofuna. Heimasími 553-5204 / GSM 892-2067 / tölvupóstfang: mathag@centrum.is

73 de TF3MH, ÍRA QSL Manager.



TF útileikar, 2018

Einar Kjartansson, TF3EK

TF útileikar eru haldnir um verslunarmannahelgi. Markmið er m.a. að auka færni radióamatöra í fjar-skiptum innanlands og þekkingu á útbreiðslu radió-bylgna. Leyfishafar sem eru staddir á landinu geta tekið þátt.

Hafa má sambönd á 4 böndum: 160 m, 80 m, 60 m og 40 m. Sambönd á hærri tíðnum teljast eins og sambönd á 40 m.

Tilgreind tímabil hér að neðan eru einungis til að þetta virknina en sambönd utan þeirra skrást jafnt til stiga.

Þátttökutímabil:

- 17-19 laugardag
- 09-12 sunnudag
- 21-24 sunnudag
- 08-10 mánudag

Þó má hafa samband hvenær sem er um verslunarmannahelgina, enda fari heildarþátttökutími hvernar stöðvar ekki yfir 9 klst., miðað við höfð QSO.

- a) Ef stöð er opnuð og haft samband, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálf tími til við-bótar reiknast 30 mín.
- b) Samband við sömu stöð á sama bandi telst gilt svo fremi að a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sam-band.
- c) Þrjú sambönd er hámarks fjöldi sambanda sem er heimilaður við sömu stöð á sama bandi.
- d) Lágmarks upplýsingar sem skipst er á eru QSO raðnúmer (001 o.s.frv.) og QTH (staðsetning) Viðbótar stig fæst ef einnig er skiptst á RS(T) og afli.

- e) QTH má gefa upp sem sem fjögurra eða sex stafa Maidenhead locator, t.d. HP94bc (sjá t.d. <http://www.arrrl.org/grid-squares>) eða breidd og lengd, í heilum gráðum, t.d. 6421.
- f) RS(T) táknar læsileika, styrk og tón merkisins (tónn er aðeins notaður á Morsi). Miðað er við afl frá sendi í loftnet, í Wöttum.
- g) Stigafjöldi fyrir hvert samband fer eftir staðsetn-ingu í reitum sem skilgreindir eru með 4 stafa Maidenhead locator, t.d. HP94. Eitt eða tvö stig fást fyrir sambönd innan sama reits, fyrir sam-bönd milli reita bætist við samanlagður mismunur á númerum reita norður og austur, þannig gefur fullt samband milli HP83 og HP94 4 stig en sam-band milli HP94 og IP04 gefur 3 stig.
- h) Einn margfaldari, sem fer eftir fjölda reita sem sent er frá, er notaður til að reikna endanlegan stigafjölda. Margfaldarinn er 3 ef öll sambönd eru frá sama reit, ef sent er frá fleiri reitum bætist einn við fyrir hvern reit, þó verður margfaldarinn ekki hærri en 6.
- i) Keppnisdagbækur þurfa að innihalda dagsetningu, tíma, tíðni (í kHz), kallmerki, QSO sent, QTH sent, RS(T) sent, afl sent, QSO móttekið, QTH, RS(T) móttekið og afl móttekið.
- j) Dagbókum má skila með því að fylla út eyðublað á vefsíðunni eik.klaki.net/cgi-bin/utileikar. Það sýnir útreikning stiga. Hægt er að skrá í eyðu-blaðið jafnóðum. Einnig má senda dagbækur í tölvupósti á ira@ira.is. Frestur til að ganga frá dagbókum rennur út á miðnætti næsta mánudag eftir verslunarmannahelgi.
- k) Stjórn IRA, eða aðili sem hún tilnefnir, sker úr um vafaatriði varðandi túlkun á þessum reglum.

Minningar úr félagsstarfinu...

Fyrstu TF útileikarnir 1979.

Stjórn Í.R.A. hefur þá ánægju, að kynna fyrstu TF úti-leikana, sem haldnir verða um verslunarmannahelgina 1979. Tilgangur þeirra er að örva áhuga og hæfni ís-lenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlega stöðva við sambönd. innanlands. Skipulagn-ing; leikanna er með “contest” sniði, en þó með þeim mun, að hámarks þátttökutími hvernar stöðvar er 9 klst.

skipt í þrjú þriggja stunda tímabil. Með þessu móti þurfa menn ekki að hafa sambönd. í einum spreng í langan tíma, eins og í venjulegri keppni, heldur hafa menn tíma til að koma sér fyrir, prófa mismunandi loftnet, hafa QSO af öðru en keppnistagi og síðast en ekki síst fær fjölskyldan etv. tækifæri til að fá áheyrn við og við. (Heimild: Fréttabréf Í.R.A. 5. tbl. júlí 1979).



Vita- og vitaskipahelgin 2018

Helgina 18.-19. ágúst fer Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin fram. Viðburðurinn er haldinn á vegum *Ayr Amateur Radio Group* í Skotlandi. Hún er 2 sólarhringa viðburður, en miðað er við að flestir sem koma til dvalar í vita eða vitaskipi hafi komið sér fyrir upp úr hádegi á laugardag.

Þegar fengist hefur heimild til fjarskipta frá tilteknum vita (eða innan lóðar vita) þarf að skrá kallmerki og aðrar upplýsingar hjá skoska klúbbum. Best er að ganga frá skráningu með góðum fyrirvara. Þegar þetta er skrifað (snemma í júlímánuði) er þegar komin skráning á íslenskum vita inn á heimasíðuna. Skrá þarf eftirfarandi upplýsingar:

- 1 Nafn leyfishafa (eða handhafa sameiginlegrar stöðvar);
- 2 þjóðland;
- 3 tölvupóstfang ábyrgðaraðila;
- 4 kallmerki sem verður notað;
- 5 nafn á vita eða vitaskipi;
- 6 skráningarnúmer ILLW (t.d. IS0001 sem er fyrir Knarrarósvita);
- 7 QSL upplýsingar;
- 8 heimasíða eða QRZ.COM síða
- 9 aðrar upplýsingar.

Viðburðurinn fór fyrst af stað innan Skotlands í ágúst 2003 undir nafninu „Northern Lighthouse Activity Weekend“ en þróaðist síðan að verða alþjóðlegur viðburður undir nafninu „International Lighthouse / Lightship Weekend“ og hefur verið haldinn sem slíkur frá 1998. Síðustu ár hafa yfir 500 tilgreind kall-



Knarrarósviti stendur rétt austan við Stokkseyri. Vitinn er 26,2 metrar á hæð og var hannaður af Axel Sveinssyni verkfræðingi eftir hugmyndum Guðjóns Samúelssonar húsameistara árin 1938-39. Hann var fyrsti viti hér á landi sem var byggður úr steinsteypu.

merki verið starfrækt þessa helgi frá yfir 40 þjóðlöndum. TF1IRA tók þátt strax fyrsta árið frá Knarrarósvita. TF kallmerki hafa þannig tekið þátt í tvo áratugi.

Í meðfylgjandi töflu má sjá, að þátttakan frá TF hefur verið árlega frá upphafi, ýmist frá einum eða tveimur vitum. Yfirleitt hefur Knarrarósviti verið starfræktur og síðan Garðskagaviti nokkuð oft. Fyrir bregður síðan nöfnum annarra vita, svo sem Akranesvita, Reykjanesvita og Vatnsnesvita. Ljóst er, að til greina kæmi að starfrækja stöðvar frá fleiri vitum (eða í nágrenni við þá), sérstaklega þar sem aðkoma er greiðfær.

Viti	Kallmerki	Ár
Akranes	TF3DT	2016
Garðskagi	TF8IRA	2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017
Garðskagi	TF8RX	2001, 2003
Garðskagi	TF7ØIRA	2016
Knarrarós	TF1IRA	1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2007, 2008, 2009, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017
Knarrarós	TF6ØIRA	2006
Reykjanes	TF8RX	2000
Vatnsnes	TF8GX	2004

Þátttaka frá Íslandi 1998-2017 eftir vitum og kallmerkjum.



Íslenskir radióamatörar; starfstímabilið 2018/19

2. stjórnarfundur haldinn í Skeljanesi 2. maí 2018 kl. 20:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3EK gjaldkeri, TF2LL ritari, TF3NE meðstjórni, TF3UA varamaður og TF3EQ varamaður.

1. Fundarsetning og dagskrá.

Formaður TF3JB setti fund kl. 20:00 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

Tillaga að dagskrá:

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 4.4. lögð fram.
3. Erindi – innkomin og send.
 - (a) 6. apríl; sendur tölvupóstur til NRRL um fulltrúa ÍRA við hátíðarhöldin í Noregi í tilefni 90 ára afmælis félagsins.
 - (b) 13. apríl; sendur tölvupóstur til PFS með jákvæðri umsögn um br. kallmerkisins TF3RNN í TF3RN.
 - (c) 16. apríl; pöntuð ný DXCC viðurkenningarskjöl fyrir TF3IRA (símtal).
4. Innheimta félagsgjalda.
5. CQ TF, útgáfuáætlun 2018-19.
6. Erindi til PFS vegna 6 og 4 metra banda.
7. Starfsáætlun, drög-II.
8. Námskeið til amatörprófs.
9. Ávarpsbréf til nýrra félaga og tillaga að samþykkt um TF3IRA; drög lögð fram til kynningar.
10. Önnur mál.
11. Næsti fundur stjórnar.
12. Fundarslit.

Til skýringar. Áður en gengið var til dagskrár, lagði formaður fram stutta samantekt, stjórnarmönnum til upplýsingar um það helsta sem gerst hafði á milli stjórnarfunda sem hann hafði yfirlit um. Efnisatriði þessi eru birt sem aftanmálgrein við fundargerðina.

2. Fundargerð 1. fundar frá 4.4.2018 lögð fram.

Fundargerð 1. fundar frá 4.4. samþykkt án athugasemda.

3. Erindi – Innkomin og útsend.

(a) Formaður, TF3JB, rifjaði upp að á síðasta fundi (4.4.2018) hafi verið samþykkt að senda ekki fulltrúa frá félaginu til að sækja kvöldverðarboð NRRL í tilefni 90 ára afmælis félagsins þann 14. Apríl – enda fyrirvari skammur og kostnaður ekki réttlætanlegur. Formaður sagðist hins vegar hafa frétt tveimur dögum eftir stjórnarfundinn, að einn okkar félagsmanna væri á förum til Noregs og myndi heimsækja NRRL í tilefni afmælisins. Jónas sagðist þá hafa kannað, hvort TF3KB (sem er sá sem hér um ræðir) væri hugsanlega tilbúinn til að vera sem fulltrúi ÍRA í kvöldverðinum. Var það auðsótt mál og í framhaldi var sendur tölvupóstur til NRRL með þessum upplýsingum. Norðmennirnir staðfestu þetta fyrirkomulag þann 10. apríl. Formaður lagði fram bréfaskriftir vegna þessara samskipta á fundinum. Allnokkur umræða varð um málið og voru tveir stjórnarmenn ekki sáttir við að TF3KB hafði verið kynntur gagnvart NRRL sem fulltrúi ÍRA. Formaður sagði það koma sér á óvart að Kristján hefði ekki stuðning allra í þessum efnum. Aðeins hafi verið um að ræða að vera fulltrúi félagsins í þessari matarveislu – engin ræða hafi verið flutt og viðkomandi hafi ekki verið beðinn fyrir nein skilaboð utan heillaóska, sem komið var á framfæri við embættismenn NRRL.

(b) Formaður skýrði frá og lagði fram gögn um innsenda jákvæða umsögn til PFS þann 13.3.2018 með breytingu á kallmerki Árna Freys Rúnarssonar, TF8RNN í TF8RN.

(c) Formaður skýrði frá pöntun í nafni félagsins í símtali til ARRL þann 1.5. um nýjar DXCC og WAS viðurkenningar fyrir TF3IRA í stað þeirra sem félagið fékk á árunum 2011 og 2012. Þessi innrömmuðu viðurkenningarskjöl voru orðið mikið upplituð og letur um það bil að hverfa, eftir að hafa hangið frá þeim tíma á vesturvegg í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Afar vel var tekið í erindi félagsins og mun ARRL senda félaginu, án kostnaðar, ný viðurkenningaskjöl. Formaður skýrði jafnframt frá því að sami félagi og hafi gefið innrömmun viðurkenninganna fyrir 6 árum, hafi boðist til að taka að sér og standa straum af kostnaði við endurinnrömmun þeirra.

4. Innheimta félagsgjalda.

Gjaldkeri ÍRA, TF3EK, lýsti því að nú færi innheimta félagsgjalda í gang. Alls verða 166 rukkaðir um félagsgjald, en heiðursfélagar eru undanþegnir gjaldi.

Aðspurður um fjárhæð gjalds á yfirstandandi námskeiði félagsins til amatörprófs sagði Einar það vera 20.000 krónur fyrir utanfélagsmenn og 15.000 krónur fyrir félagsmenn. Aðspurður um sjóðseign félagsins svaraði Einar því til að um 1100 þúsund krónur væru í sjóði. Aðspurður um eindaga félagsgjalda svaraði hann því til að hann væri 1. júlí n.k.

5. CQ TF, útgáfuáætlun 2018/19.

Formaður skýrði frá því að 1. tbl. CQ TF hafi komið út á tilsettum tíma, þann 29. apríl. Viðtökur hafi í einu orði sagt verið frábærar – sem fram hafi komið í öllum samskiptum, þ.á.m. manna á milli, í símtölum, í tölvupóstum og á Facebook. Viðtökurnar bendi ótvírætt til að það sé áhugi og þörf fyrir útgáfu félagsblaðs, en 5 ár eru frá því CQ TF kom síðast gefið út. Jónas lagði fram eftirfarandi tillögu að útgáfuáætlun á starfsárinu 2018/19:

1. tbl. 2018, útkomudagur sunnudagur 29. apríl. Frestur til innsendingar efnis: 8.4.–19.4.

2. tbl. 2018, útkomudagur sunnudagur 29. júlí. Frestur til innsendingar efnis: 5.7.–16.7.

3. tbl. 2018, útkomudagur sunnudagur 7. október. Frestur til innsendingar efnis: 11.9.–22.9.

1. tbl. 2019, útkomudagur sunnudagur 6. janúar. Frestur til innsendingar efnis: 16.–28.12.

Stjórnin samþykkti áætlunina fyrir sitt leiti og þakkar ritstjóra, uppsetningarmanni svo og þeim félagsmönnum sem láta efni af hendi rakna til blaðsins. Menn voru á einu máli um að þetta væri frábært framtak.

6. Erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna 50 og 70 MHz tíðnisviða.

Formaður kynnti minnisblöð um 50 MHz og 70 MHz tíðnisviðin hér á landi og í nágrannalöndum.

Í minnisblaði um 6 metrana kemur m.a. fram, að danskir radióamatörar hafa þegar heimild til að nota allt að 1kW. Í Noregi eru taldar yfirgnæfandi líkur á að samskonar heimild verði veitt að loknu umsagnarferli, m.a. um aukið afl, sem lýkur í dag, þann 2. maí. Í minnisblaði um 4 metrana kemur m.a. fram, að bandið sé ekki „eiginlegt“ amatörband, þ.e. við vinnum samkvæmt sérheimild PFS, þar sem hver leyfishafi þarf að sækja um heimild og árlega um endurnýjun, óski hann þess. Reynsla íslenskra leyfishafa hefur í

alla staði verið ánægjuleg. Þó hefur skyggt á notkun að helsta kalltíðnin á bandinu er 70.200 MHz – þar sem tíðniheimild okkar endar. Þetta veldur og hefur valdið augljósum erfiðleikum í DX samskiptum.

Eftirfarandi framlögð tillaga formanns um 50 MHz bandið var samþykkt *efnislega* en með þeirri breytingu, að beðið verði samþykktar norskra stjórnvalda áður en erindi verður sent til PFS.

Það er tillaga stjórnar ÍRA, að Íslenskir radióamatörar fái sömu aflheimild á 6 metrum og dönsk stjórnvöld heimila sínum radióamatörum, og sem norsk stjórnvöld hafa í hyggju að veita sínum radióamatörum á 6 metra bandinu, þ.e. fullt afl, 1kW. Í annan stað, að aðgangur verði heimilaður ríkjandi í stað víkjandi eins og nú er.

Eftirfarandi framlögð tillaga formanns um 70 MHz bandið var samþykkt efnislega og hún verði látin fylgjast að með þeirri fyrri, þegar þar að kemur.

Það er tillaga stjórnar ÍRA, að íslenskir radióamatörar fái sömu heimildir og norsk stjórnvöld veita sínum radióamatörum á 4 metra bandinu, þ.e. tíðnisviðið 59,9 til 70,5 MHz sem og heimild til að nota 1kW í EME og MS vinnu.

Formaður gat þess að lokum, að 50 MHz bandið væri hvorki notað í opinberri þágu hér á landi lengur né til útsendinga RUV. Fram kom í umræðum, að óformlegar viðræður hafi átt sér stað við PFS um þessi mál. Þegar spurt var um minnisblöð vegna slíkra viðræðna varð fátt um svör.

7. Starfsáætlun, drög-II.

Varaformaður ÍRA, TF3DC, kynnti framhaldstillögu frá síðasta fundi um starfsáætlun 2018/19. Áætlunin er alls í níu liðum: (1) Rekstur; (2) samskipti; (3) félagsaðstaðan; (4) félagsstöðin TF3IRA; (5) vetrardagskrá 2018/19; (6) miðlar; (7) námskeið; (8) endurvarpar / stafvarpar / radióvitar og (9) tíðnimál og og önnur réttindi radióamatöra. Framlögð drög voru samþykkt. Starfsáætlunin verður til kynningar í 2. tbl. CQ TF.

8. Námskeið til amatörprófs.

Fram kom að yfirstandandi námskeið til amatörprófs er á áætlun. Samkvæmt upplýsingum frá umsjónarmanni, TF3PW, væri heppilegt að sækja um að próf verði haldið þann 26. maí n.k. Samþykkt að fela formanni að fara þess á leit við PFS þegar erindi hefur borist frá prófnefnd.

9. Ávarpsbréf til nýrra félaga og tillaga að samþykkt um TF3IRA; drög lögð fram til kynningar.

Varaformaður kynnti framlögð gögn. Bæði eru upprunalega frá árinu 2011 en formaður hefur haldið áfram að betrubæta texta upp á síðkastið. Óskar sagðist velja fyrir sér hvort heppilegt væri að birta þetta efni með starfsáætlun.

Stjórnarmenn þökkðu áhugavert efni og voru sam-mála um að vinna það áfram. TF2EQ nefndi, að t.d. megji bæta við ýmsum upplýsingum í ávarpsbréfið, svo sem um tíðnisvið radióamatöra, Facebook upp-lýsingum o.fl.

10. Önnur mál.

(a) TF2EA spurði um teljara á heimasíðu ÍRA, hvort hægt væri að sjá hversu margir litu þar inn og opni CQ TF. Ákveðið var að vísa þessari spurningu til Ölvis, TF3WZ, vefstjóra ira.is.

(b) TF2EQ benti á að þægilegt væri að hafa PDF skjal CQ TF sett þannig upp, að hægt væri að opna greinar beint úr efnisyfirliti.

(c) TF2EQ spurði um flóamarkað félagsins og svar-aði formaður því til að stefnt væri að því að halda flóamarkað í vetur.

(d) Rætt var um (vísi að) smíðaaðstöðu og taldi TF2LL að slíkt heyrði sögunni til. TF3UA var ekki á sama máli og sagði að hefð væri fyrir slíku og fleiri fundarmenn tóku undir það.

(e) TF2EQ minntist á að það vantaði kynningarefni frá ÍRA til þess að láta liggja frammi á ýmsum stöðum eins og t.d. í Háskóla Íslands.

(f) TF2EQ sagðist þeirrar skoðunar að það þyrfti að prenta út nokkur eintök af CQ TF sem send yrðu til Þjóðarbókhöfðu og á fleiri staði. TF3DC tekur að sé að kanna með kostnað við að framleiða nokkur eintök af blaðinu. Einnig þyrfti að liggja frammi eintök í félagsaðstöðunni. Upp kom sú hugmynd að setja upp upplýsingaskjá þar sem hægt væri að fletta upp í blaðinu og öðru því sem tengist félaginu.

(g) Varaformaður, TF3DC, spurði um breytingu á texta uppkasts að aðalfundargerð, sem formaður TF3JB gerði samkvæmt beiðni frá TF3AM ritara síð-asta aðalfundar. Formaður sagði, að Andrés hafi beðið sig um að lesa uppkastið yfir. Fyrst hafi hann ekki gert athugasemdir þar sem hann hafi aðallega leitað að prentvillum og slíku. Hins vegar, þegar nær dró útkomu CQ TF hafi hann farið yfir eigin punkta frá fundinum og séð að texti var ónákvæmur. Hann hafi þá haft samband við Andrés sem hafi samþykkt að

heimila honum breytingu á hluta textans og hafi hann verið færður til betri vegar. Formaður benti á, að uppkastið að fundargerð aðalfundar hafi verið birt í CQ TF blaðinu sem kom út þann 29. apríl s.l. Samkvæmt ákvæði í 23. gr. laga félagsins sé opið fyrir félagsmenn sem sátu fundinn að gera athugasemdir innan sex mánaða.

(h) Allnokkur almenn umræða varð um félagsstöðina, TF3IRA í kjölfar þess að formaður sagði það sína skoðun að rekstur félagsstöðvar væri hluti af kjarnastarfssemi félagsins – og eitt af mikilvægum hlutverkum hennar væri t.d. að stuðla að kynningu áhugamálsins. Í framhaldi spurði TF3EK hvort félagsstöðin skuli ekki vera bundin í lög félagsins? Formaður þakkaði Einari áhugavert sjónarmið og varpaði hugmynd hans til fundarmanna. Umræður urðu þó ekki um lagabáttinn.

(i) Ritari, TF2LL, spurði um neyðarfjarskipti. Formaður vísaði á neyðarfjarskiptastefnu félagsins sem fram kom í skýrslu starfshóps félagsins um málefnið á félagsfundi þann 12. maí 2013. Neyðar-fjarskipta-stefnan var í framhaldi kynnt var á aðalfundi ÍRA 18. maí 2013. Skýrslan er birt á bls. 153-154 í Ársskýrslu ÍRA 2012-2013. Hún er vistuð á heimasíðu félagsins á netinu. Vefslóðin er:

http://www.ira.is/wp-content/uploads/2018/03/20130518-arsskyrsla_ira-tf3jb.pdf

11. Samþykkt að boða til næsta fundar stjórnarinnar fyrri hluta júní n.k.

12. Fleira ekki rætt og formaður, TF3JB, sleit fundi kl. 21:55.

Georg Magnússon, TF2LL, ritari ÍRA.

Það helsta á milli stjórnarfunda...

- til kynningar 2.5.2018

Líkt og fram kemur á undan fundargerðinni, kynnti formaður það helsta sem gerst hafði á milli fundanna 4. apríl og 2. maí – stjórnarmönnum til upplýsingar. Hugmyndin með þessari nýbreytni var að nefna atriði sem snerta störf félagsins en sem myndu ella ekki rata inn á dagskrá stjórnarfundar.

1. Nokkur atriði á milli stjórnarfunda

- Útveggur á hægri hlið við inngang í húsið í Skeljanesi málaður (sjá 1. tbl. CQ TF, bls. 41).
- Skúrað, þrifið og lagað til í fjarskiptaherbergi á 2. hæð.

- c) Samið við TF3-Ø33 um sérþrif á gólfi í sal og flutning á drasli í Sorpu.
- d) Sófasett er komið í salinn til bráðabirgða (í annarra eigu en okkar).
- e) Einnota kaffibollar útvegaðir „Insulated Hot Cups“ samkvæmt ábendingu frá TF8KY.
- f) Heimild fengin (í góðri sátt) til enduruppsetningar hvítu myndspjalda félagsins í sal.
- g) Heimild fengin (í góðri sátt) til nýtingar geymslu inn af sal (beint á móti útgangshurð á lóð).
- h) Vinnu er lokið við uppfærslu á sérsíðu CQ TF á heimasíðu.
- i) Vinna er komin áleiðis við uppfærslu þess hluta heimasíðunnar sem er á ensku.
- j) Fjórir af námskeiði í forsjá TF3PW mættu árdegis á laugardag (28.4.) í fjarskiptakynningu.

2. innsetningar á heimasíðu í aprílmánuði (alls 9):

2. apríl – Afhending verðlauna í páskaleikunum.
6. apríl – Úrslit í Páskaleikum 2018.
8. apríl – CQ TF kemur út á ný.
10. apríl – Yahoo póstlisti fluttur.
15. apríl – Efni í CQ TF.
16. apríl – Alþjóðadagur radióamatöra.
17. apríl – Lokað í Skeljanesi.
20. apríl – Þakkir frá ritstjóra.
29. apríl – CQ TF er komið út

Helstu DX keppnir í ágúst til október 2018

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu DX keppnir í ágúst, september og október 2018. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér. Eftirfarandi vefsíður eru með

nánari upplýsingar, auk þess sem hver keppni er með eigin heimasíðu á netinu. Vefslóðir:

<http://contestcalendar.com>

<http://sk3bg.se/contest/index.htm>

Dags.	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð
3.-11. ágúst	00:00-24:00	TF-Útileikar	Allar	160-40M	Sjá reglur á heimasíðu ÍRA
4. ágúst	12:00-24:00	EU HF Championship	CW/SSB	160-10M	RS(T) + leyfisbréfsár (2 tölustafir)
11.-12. ág.	00:00-24:00	WAE DX Contest	CW-hluti	160-10M	RST + raðnúmer
18. ágúst	00:00-08:00	SARTG WW RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
18. ágúst	16:00-24:00	SARTG WW RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
19. ágúst	08:00-16:00	SARTG WW RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
25. - 26. ág.	12:00-12:00	YO DX HF Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + raðnúmer
1.-2. sept.	00:00-24:00	All Asian DX Contest	SSB	80-10M	RS + aldur
1.-2. sept.	12:00-12:00	IARU Region 1 Field Day	SSB	160-10M	RS + raðnúmer
8.-9. sept.	00:00-24:00	WAE DX Contest	SSB-hluti	160-10M	RST + raðnúmer
15.-16. sept.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest	CW-hluti	80-10M	RST + raðnúmer
22.-23. sept.	12:00-12:00	UK/EI DX Contest	SSB	80-10M	RS + raðnúmer
29.-30. sept.	00:00-24:00	CQ WW RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST+ CQ svæði (40)
6.-7. okt.	08:00-08:00	Oceania DX Contest	SSB-hluti	160-10M	RS + raðnúmer
13.-14. okt.	08:00-08:00	Oceania DX Contest	CW-hluti	160-10M	RST + raðnúmer
13.-14. okt.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest	SSB-hluti	160-10M	RS + raðnúmer
20.-21. okt.	15:00-14:59	Worked All Germany Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + raðnúmer
27.-28. okt.	00:00-24:00	CQ WW DX Contest	SSB-hluti	160-10M	RS + CQ svæði (40)

DXCC heildarstaða TF stöðva 7. júlí 2018

Kallmerkjum er raðað eftir DXCC MIXED ^{1 2 5}

TF3Y er einn íslenskra leyfishafa með skráningu á heiðurslista; DXCC HONOR ROLL, MIXED.

TF4M hefur flestar einstakar DXCC viðurkenningar (14 af 19).³

TF3DC, TF3JB, TF3Y og TF4M eru handhafar 5 Banda DXCC.⁴

TF3DC, TF3JB, TF4M og TF8GX eru handhafar DXCC Challenge.

#	Kallmerki	DXCC Mixed	DXCC Phone	DXCC CW	DXCC Digital	DXCC 160m	DXCC 80m	DXCC 40m	DXCC 30m	DXCC 20m	DXCC 17m	DXCC 15m	DXCC 12m	DXCC 10m	DXCC Challenge	DXCC Honor Roll Mixed
1.	TF3Y	342	-	313	121	-	-	-	127	-	115	-	110	-	-	342
2.	TF4M	315	235	293	104	229	131	167	131	247	129	158	128	133	1447	-
3.	TF3DC	310	-	296	147	-	-	-	180	-	223	-	204	210	1648	-
4.	TF8GX	309	290	239	-	-	-	130	-	275	132	215	110	187	1313	-
5.	TF5B	294	283	-	199	-	-	104	103	190	113	159	101	135	-	-
6.	TF2LL	263	-	-	-	-	-	158	-	213	135	165	-	117	-	-
7.	TF3JB	252	177	235	100	-	101	117	126	228	170	146	142	116	1200	-
8.	TF3IRA	212	179	179	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
9.	TF3G	186	133	138	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
10.	TF1A	157	143	-	121	-	-	-	-	116	-	103	-	-	-	-
11.	TF3DT	145	117	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
12.	TF3MH	114	-	-	100	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
13.	TF3EK	104	-	-	101	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
14.	TF3SG ⁵	-	-	-	-	109	208	169	-	-	-	-	-	-	-	-
TF kallmerki með óvirka DXCC skráningu: ²																
15.	TF3SV	349	Óvirk skráning (hljóðnaður lykill).													
16.	TF3IM	226	Óvirk skráning.													
17.	TF2WLC	106	Óvirk skráning. (Skýring: Varnarliðsmaður; a.m.k. QRV árið 1968 [f.ár 1946]. Núverandi kallmerki: K4WS).													

1 Miðast við TF kallmerki með virka skráningu (Heimild: ARRL).

2 Virk skráning: Að leyfishafi hafi uppfært DXCC-stöðu sína a.m.k. einu sinni eftir 1.1.1994.

3 Ekkert TF kallmerki er enn skráð fyrir DXCC viðurkenningu fyrir sambönd um gervitungl, á 6 metrum, 2 metrum og 70 sentímetrum.

4 Leyfishafar hljóta ekki sjálfvirkt, eins bands skráningu [á 10, 15, 20, 40 og 80 metrum] þótt þeir sækja um 5BDXCC; sérstaklega þarf að sækja um (og greiða fyrir) hvert eins bands DXCC skjal.

5 Kallmerki raðast neðst þegar ekki hefur verið sótt um „Mixed“ DXCC (sem ákvarðar röðun).